

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. ágúst 2007 – 217. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR



Ekki velkominn í Buckingham-höll

Elísabetu drottningu Breta líkar ekki lífsstíll Kate Middleton.

FÓLK 28

Kóngsins verður minnst

Þrjátíu ár liðin á miðvikudag frá andláti Presleys.

FÓLK 30



Biluð sjónvörp

„Þegar meðlimir Saving Iceland hoppuðu um í Kringlunni og kættust yfir því að vera ekki eins og hinir þungbúnu neysluprælar sem alla jafna fylla ganga þessa mikla musteris merkjavörunnar þá vakti athygli hið barnslega yfirbragð á aðgerðunum,“ segir Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 18


Blikar og Fylkir áfram



Breiðablik og Fylkir tryggðu sér í gærkvöldi sæti í undanúrslitum VISA-bikars karla í knattspyrnu, bæði eftir 3-1 sigur á heimavelli.

ÍÞRÓTTIR 32

VEÐRIÐ Í DAG




NORÐLÆGAR ÁTTIR og lítilsháttar úrkomu norðan- og austanlands, en þurt syðra.

VEÐUR 4

Mánudagur

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu

77%



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007



SLAKAÐ Á Í KOLAPORTI Margrét Vikar Guðmundsdóttir settist á bekkinn til að hvíla sig eftir að hafa keypt kjöt og fisk í matinn handa fjölskyldu sinni, sem hún átti von á í heimsókn. Hún segir Kolaportið skemmtilegan verslunarstað, þar sem blómlegt mannlíf gefi verslunarferðinni lit.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Komast af með ódýrari búnaði en Ratsjárstofnun rekur

Borgaraleg flugumferðarstjórn þarf ratsjárstöð í hverjum landsfjórðungi en mun ódýrari tækjabúnað en Ratsjárstofnun rekur. Dómsmálaráðherra segir verkefnum Ratsjárstofnunar betur komið annars staðar.

ÞJÓÐARÖRYGGI Áfram þyrfti að reka fjórar ratsjárstöðvar þó hlutverk íslenska ratsjárkerfisins yrði einskorðað við þarfir borgaralegrar flugumferðar. Dýrasti búnaður ratsjárstöðva Ratsjárstofnunar yrði þó óþarfur. Borgaraleg flugumferðarstjórn notar aðeins hluta þeirra upplýsinga sem Ratsjárstofnun aflar, segir Þorgeir Pálsson, forstjóri Flugstöða.

Ratsjárstofnun rekur fjórar ratsjárstöðvar, eina í hverjum landsfjórðungi. Hver stöð er með tvenns

konar ratsjár; svarratsjá og frumratsjá. Svarratsjain sendir boð til flugvéla og fær til baka boð frá ratsjársvörum þeirra. Frumratsjain nemur staðsetningu flugvéla með því að senda boð sem endurkastast af vélunum.

„Það sem við þurfum fyrst og fremst á að halda við borgaralega flugumferðastjórn er svarratsjain en ekki frumratsjain,“ segir Þorgeir. Því myndi það hvorki hafa áhrif á þjónustustig né flugöryggi þó aðeins svarratsjainar væru

notaðar. Eftir sem áður þyrfti að nota frumratsjá vegna aðflugs að Keflavíkurlugvelli og Reykjavíkurlugvelli, en þar er notuð skammdrægari ratsjá sem staðsett er á Keflavíkurlugvelli.

Langdýrasti hluti búnaðar ratsjárstöðvanna er frumratsjain, segir Þorgeir. Hann segir svarratsjainna ekki þurfa jafn aflmikinn tæknibúnað, hún sendi frá sér annars konar boð en frumratsjain þar sem hún byggir ekki á endurvarpi frá flugvéllum.

Framtíð Ratsjárstofnunar virðist í uppnámi, en íslensk stjórnvöld taka við rekstrinum á miðvikudag. Meðal þess sem tekist hefur verið á um er undir hvaða ráðuneyti starfsemin eigi að heyra. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra telur að verkefnum stofnunarinnar sé betur komið annars staðar. Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, segir ágreining um málið meðal sjálfstæðismanna.

- bj / sjá síðu 8

Bæjarstjóri segir kærleikshugsjón Ástarviku ná vel út fyrir bæjarmörkin:

Ástarvika hafin í Bolungarvík

FÓLK Ástarvikan í Bolungarvík hófst í gær, þegar bæjarbúar slepptu blöðrum með kærleikskveðjum upp í heiðbláan himin. Grímur Atlason, bæjarstjóri í Bolungarvík, sagðist afar ánægður með dagskrá vikunnar. Hann var viðstaddur setninguna og sagði blöðrunar hafa tekið stefnuna á Súgandafjörð og Skutulsfjörð. „Við erum auðvitað sáttt við að dreifa

boðskapnum,“ sagði hann. „Tilgangurinn með Ástarvikunni er ekki bara bólfarir heldur líka kærleikur,“ bætti hann við.

Á Ástarvikunni í ár verður boðið upp á tónleika, faðmlaganámskeið og skútusiglingu um Ísafjarðardjúp, svo eitthvað sé nefnt. Henni lýkur á laugardag. Framkvæmdastjóri vikunnar er Birna Hjaltalín Pálmadóttir.

Þó að Ástarvikan miðist við heimafólk, segir Grímur sífellt fleiri sækja Bolungarvík heim á meðan á henni stendur. „Þetta er enginn Fiskidagur, stemningin er ekki þannig. Þetta eru svona litlir, fallegir viðburðir alla vikuna,“ sagði hann. „En kærleikshugsjónin nær alveg út fyrir bæjarmörkin og út um allt land,“ bætti Grímur við.

- sun

DAGANA 8.-26. ÁGÚST

SPARI DAGAR

ORMSSON

..og þú gerir frábær kaup!

TÓLF VERLANIR OG UMBODSMENN UM LAND ALLT

AFMÆLISVEISLA!
OPIÐ TIL 20 Í KVÖLD

Kringlan

SPURNING DAGSINS



Svanhildur, sastu í súpunni á föstudaginn?

„Nei, en ég hefði hugsanlega getað baðað mig í henni, magnið var nóg.“

Svanhildur Hólm Valsdóttir átti von á um 120 gestum í fiskisúpu á Dalvík á föstudagskvöldið. Um 600 manns lögðu hins vegar leið sína á heimili hennar í súpuleit.



KAFFISETRIÐ Dyraverðir kveiktu ljósin og slöktu á tónlistinni með tilætluðum árangri. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

Hlaut áverka í andliti:

Einn meiddist í hópslagsmálum

LÖGREGLUMÁL Einn meiddist á höfði þegar hópslagsmál brutust út á veitingastaðnum Kaffisetriinu í miðbæ Reykjavíkur í fyrrinótt. Lögregla fékk tilkynningu um slagsmálið um klukkan tvö og var komin á staðinn skömmu síðar.

Á sögn varðstjóra höfðu dyraverðir kveikt öll ljós á staðnum og slökkt á tónlist áður en þeir höfðu samband við lögreglu í von um að slagsmálið leystust upp af sjálfu sér. Það gekk eftir því þegar lögregla kom á staðinn voru upphafsmenn átakanna á bak og burt. Einn var fluttur á slysideild með áverka í andliti en enginn var handtekinn vegna málsins. - sh

Herða viðurlög við umskurði:

Egyptsk stúlka lét lífið í aðgerð

EGYPTALAND Frumvarp um hert viðurlög vegna brota á lögum um umskurð kvenna mun væntanlega biða egyptska þingsins, þegar það tekur aftur upp störf í nóvember eftir sumarhlé. Svo sagði talsmaður heilbrigðisráðuneytisins í Egyptalandi í gær, eftir að egyptsk stúlka lét lífið í slíkri aðgerð. Í dag er refsihámarkið þriggja ára fangelsi.

Þar að auki vill ráðuneytið veita um 90 milljónum króna til að vinna gegn hefðinni, sem var bönnuð með lögum árið 1997. Í lögum er þó að finna svigrúm fyrir undatekningar „í sérstökum tilfellum“. - sun

Náttúruverndarsamtök skora á bæjarstjórn Fjallabyggðar og umhverfisráðherra:

Vilja friðlýsingu Héðinsfjarðar

NÁTTÚRUVERND Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN) hafa skorað á umhverfisráðherra og bæjarstjórn Fjallabyggðar að beita sér fyrir friðlýsingu Héðinsfjarðar sem friðlands eða fólkvangs og að því yrði komið á eigi síðar en jarðgöngin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar verða opnuð. „En undirbúningur friðlýsingar, merkingar gönguleiða og brúun lækja og mýrlendis þarf að hefja sem allra fyrst,“ segir í tilkynningu frá samtökunum.

Auk þess að kalla á bæjarstjórn og umhverfisráðherra til að aðhafast í málinu segir í tilkynningunni að ekki sé ólíklegt að hinn siglfirski

samgönguráðherra, Kristján L. Möller, hafi áhuga á málinu.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, formaður samtakanna, segir að helst þurfi að hefja undirbúning nú þegar. „Ég held að það sé alveg ástæða til þess. Það þarf að ræða við fjölda landeigenda. Ég mundi vilja að bæjarstjórnin hefði frumkvæði í þessu máli. Þetta væri ekki síst hennar hagar,“ segir Ingólfur, sem sér fram á aukna umferð á svæðinu með tilkomu ganganna.

„Friðlýsing myndi hafa afar góð áhrif á ímynd svæðisins alls og vafalítið stuðla að auknum ferðamannastraumi [...] og auka þannig þau jákvæðu áhrif sem fólk á svæðinu



HÉÐINSFJÖRÐUR Samtökin vilja friðland á norðanverðum Tröllaskaga.

vonast til að skapist vegna jarðganga og vegar sem liggur þvert yfir Héðinsfjörð,“ segir í tilkynningunni. - sh

Flúði vopnaða árársarmenn á nærbuxunum

Menn vopnaðir bareflum réðust á mann sem var sofandi í eigin samkvæmi. Hann flúði á nærbuxunum einum fata. Mennirnir veittu lögreglu mótþróa. Ekki er ljóst hvort þolandinn muni kæra. Ekkert íbúðarhúsnæði er í götunni þar sem hann býr.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk tilkynningu um nakinn mann á hlaupum eftir Bíldshöfða í átt að Krónunni um klukkan háltvíð í fyrrinótt. Þegar lögreglan kom á vettvang kom í ljós að maðurinn var ekki nakinn, heldur bara á nærbuxunum. Hann var blóðugur í andliti, með skurð á höfði og bólginn.

Að sögn Svanhvítar Ingólfssdóttur, fulltrúa hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík, sagði maðurinn, sem er litháiskur ríkisborgari, að þrír samlandar hans hefðu gengið í skrokk á honum vopnaðir bareflum í leiguíbúð hans á Tangarhöfða.

Svo virðist sem hann hafi verið sofandi þegar ráðist var á hann, en þó stóð gleðskapur yfir í íbúðinni. Maðurinn komst út við illan leik og lagði á flótta undan árársarmönnum. Hann var fluttur á slysideild þar sem gert var að sárur hans.

Þegar lögreglumenn komu í íbúðina mætti þeim talsverður mótþrói af hendi þeirra sem þar voru fyrir, sem hugðust meina þeim inngöngu.

Þegar lögreglan komst loks inn sást að tvö herbergi höfðu verið lögð í rúst. Til einhverra átaka kom síðan á milli lögreglu og meintra árársarmanna þegar þeir neituðu að yfirgefa staðinn. Lögreglumenn sakaði ekki í átökunum. Tveir voru handteknir og yfirheyrðir í gær. Allir eru mennirnir um tvítugt.

Að sögn Svanhvítar gengust mennirnir við því við yfirheyrslur að hafa veist að lögreglumönnum, en ekki er enn að fullu ljóst



LÖGREGLUBÍLL Þegar lögreglumenn komu á staðinn mætti þeim talsverður mótþrói. Mennirnir sem fyrir voru reyndu að varna þeim innkomu og síðan brutust út átök milli lögreglu og manna þegar þeir neituðu að yfirgefa svæðið. Lögreglumennina sakaði ekki en tveir voru handteknir og yfirheyrðir í gær. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

hverjir réðust á manninn. Var mönnum sleppt að loknum yfirheyrslum. Svanhvít segir ekki liggja fyrir hvort sá sem fyrir árársinni varð muni kæra árársina þar sem ekki hafi náðst í hann.

Ekkert liggur fyrir um tildrög árársarmanna og ekki fengust upplýsingar um hvaða tengsl voru á

milli meintra gerenda og fórnarlambis önnur en að þeir voru samlandar.

Að því er fram kemur á vef Fasteignamats ríkisins er ekkert skráð íbúðarhúsnæði við Tangarhöfða, svo að líklega hefur maðurinn búið í ólöglegu húsnæði.

stigur@frettabladid.is

Skotárás í Ósló:

Þrír særðir eftir átök í Ósló

NOREGUR Þrír særðust alvarlega eftir átök í borgarhlutanum Kalbakken í Ósló í gær, að því er netútgáfa blaðsins Verdens Gang greinir frá. Tveir hlutu skotsár eftir það sem norsk lögregla kallar uppgjör. Ráðist var á þriðja manninn með samúræjasverði. Allir voru fluttir á sjúkrahús.

Talið er að átökin hafi sprottið upp úr gömlum ágreiningi, sem lögreglan mun hafa haft vitneskju um. Nokkrir sást flýja af staðnum eftir árásina, og lögregla leitir nokkurra bifreiða. Er árársarmennirnir flúðu af vettvangi óku þeir á lítinn dreng, sem flytja þurfti á sjúkrahús. - sun

Handtekinn í Kaíró:

Með snáka og krókódíla í handfangri

EGYPTALAND, AP Ungur maður reyndi að smygla snákum og krókóðilsungum frá Egyptalandi til Sádí-Arabíu á dögunum. Maðurinn hélt því fram að hann þyrfti dýrin til að framkvæma vísindalegar rannsóknir. Meðal annars fundust um það bil 250 krókóðilsungar í fórum mannsins. Dýrin voru gerð upptæk og þau afhent dýragarðinum í Kaíró.

Að sögn starfsmanna á flugvælinum í Kaíró hefur aldrei áður verið reynt að smygla jafn mörgum krókóðílum út úr landinu. Í maí stöðvuðu starfsmenn flugvallarins mann sem reyndi að smygla 700 lifandi slöngum út úr landinu. - þeb

Kárahjúkaframkvæmdir:

Prófun véla gengur vel

STÓRIDJA „Við stefnum áfram að afhendingu rafmagns fyrir lok október og allt gengur samkvæmt



SIGURÐUR ARNALDS

áætlan,“ segir Sigurður Arnalds, talsmaður Landsvirkjunar vegna Kárahjúka-virkjunar, en stefnt er að því að Alcoa-Fjarðarálf geti fengið rafmagn frá

Kárahjúkavirkjun í október.

Landsnet sér álverinu fyrir rafmagnni nána.

Nú er verið að prófa vélar og hefur það gengið vel. „Það hefur ekkert komið upp ennþá og allt gengið vel. Við höldum áætlan í þessu og vonumst til þess að allt muni ganga að óskum.“ - mh

BÍLL DAGSINS

TOYOTA AVENSIS

Nýskr. 06.04 - Beinskiptur - Ekinn 60 þús. km.



Verð 1.660.000

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020

Átök meðal stofnfjäreigenda um sameiningu sparísjóða í Skagafirði og Siglufirði:

Þurfa að sameinast til að lifa af

VIÐSKIPTI Gagnrýni á sameiningu Sparisjóðs Skagafjarðar og Sparisjóðs Siglufjarðar er ómakleg, sameiningin er nauðsynleg eigi sparísjóðurinn að lifa af, segir Sigurjón Rúnar Rafnsson, stjórnarmaður í Skagafirðinum. Stofnfjäreigendur munu ganga til atkvæða um sameiningu á fundi klukkan 14 í dag.

„Stjórn sparísjóðsins ber að hafa hagsmuni viðskiptavina hans og stofnfjäreigenda í huga við stjórnun sjóðsins,“ segir Sigurjón. „Þarna er um að ræða eina minnstu fjármálastofnun landsins, og að mati stjórnarmanna er hún einfaldlega ekki rekstrarhæf.“

Hann hafnar því alfarið sem Gísli Arnason, stofnfjäreigandi í sjóðnum, hélt fram í Fréttablaðinu í gær, að valdhafar sjóðsins hafi stýrt honum með eigin hagsmuni



SAUÐÁRKROKUR Sparisjóður Skagafjarðar er ein minnsta fjármálastofnun landsins, en í dag verður tekin ákvörðun um sameiningu við Sparisjóð Siglufjarðar.

og fyrirtækja tengdum þeim að leiðarljósi, en ekki hagsmuni sjóðsins.

Sigurjón segir að hugmyndir Gísla um að auka stofnfé um 200 milljónir óraunhæfa, slík aðgerð hefði ef til vill dugað fyrir nokkrum árum, en í dag sé umhverfið annað. Sparisjóðurinn geti ekki fjármagnað sig á þeim kjörum

sem nauðsynleg séu til að veita húsnæðislán öðruvísi en að tapa á þeim.

Hann segir að svo virðist sem lítil hluti stofnfjäreigenda standi með Gísla Arnasyni. Í þessum sparísjóði eins og öðrum geti tíu prósent stofnfjäreigenda kallað til fundar, og það hafi Gísli og aðrir ekki gert hingað til. - bj



LOKSINS SÁTTUR!

Kominn í fast samband

Námsmannþjónusta Sparisjóðsins

Við hjá Sparisjóðnum viljum vera í góðu sambandi við viðskiptavini okkar. Félagar í Námsmannþjónustunni njóta persónulegrar þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins, auk góðra kjara og spennandi sértíloða. Við erum alltaf til í að ræða málin – ef sambandið er gott, gengur allt annað betur líka. Skoðu málið betur á www.spar.is til þess að komast í gott samband!



SPARISJÓÐURINN
Námsmannþjónusta

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	65,70 66,02
Sterlingspund	132,64 133,28
Evra	89,78 90,28
Dönsk króna	12,061 12,131
Norsk króna	11,245 11,311
Sænsk króna	9,670 9,726
Japanskt jen	0,557 0,5602
SDR 100,52 101,12	
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR	
121.8356	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands	

Sunday Telegraph fjallar um „víkingainnrásina“ og áhrif óróa á erlendum mörkuðum: Órói sem hægir á en heftir ekki

VÍDSKIPTI Spurt er að því að Sunday Telegraph í gær hvort „víkingainnrásin sé yfirstaðin“ og er þar skírskotað til mikilla umsvifa íslenskra fyrirtækja, einkum Baugs Group, í Bretlandi.

Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs Group, telur að órói á alþjóðlegum mörkuðum muni hugsanlega hægja á fjárfestingastarfsemi almennt til skamms tíma, en hann hafi ekki áhrif á starfsemi Baugs Group og hefti ekki fyrirtæki að neinu leyti. „Við erum með gott eignasafn, og það eru mikil tækifæri sem felast í því. Okkar verkefni eru vel fjármögnuð og við gerum þá kröfu að þau geti farið



HOUSE OF FRASER Er eitt þeirra fyrirtækja sem er í eigu Baugs Group.

sterk í gegnum erfiðleikatímabil. Við höfum búist við niðursveiflu um nokkurt skeið og kemur hún okkur hvorki á óvart né heftir okkur á nokkurn hátt.“

Bládamadurinn James Hall veltir því upp í fréttaskýringu

hvort órói á alþjóðlegum mörkuðum leiði til þess að íslensku fyrirtækin eigi í meiri erfiðleikum með að fjármagna starfsemi sína, þar sem „víkingainnrásin“ hafi að miklu leyti byggst á góðu aðgengi að ódýru lánsfé. Í Sunday Telegraph er því haldið fram að óróinn, sem stafar meðal annars af vandamálum á fasteignamarkaði í Bandaríkjunum, eins og rakið er í fréttaskýringu í Fréttablaðinu í dag, geti haft þau áhrif að íslensk fyrirtæki, eins og Baugur Group, eigi erfiðara um vik með að nálgast ódýrara lánsfé, og takast á við skuldbætur yfirtökur á félögum eins og þau hafa gert með góðum árangri. -mh

Óhapp í dönskum vatnagarði: Tuttugu fengu klóreitrun

DANMÖRK Tuttugu gestir í sundlaugaráðunum Joboland á eyjunni Bornholm í Danmörku voru í gær fluttir á bráðamóttöku sjúkrahússins í Rønne, eftir að hafa fengið klóreitrun. Þessu greinir netútgáfa Berlingske Tidende frá í dag. „Enginn er í lífshættu, en nokkrir hafa fengið væga eitrun,“ sagði varðstjóri dönsku lögreglunnar. Fjórtán höfðu yfirgefið sjúkrahúsið í gærkvöldi.

Óhappið varð þegar slanga losnaði af skömmunardælu, svo klór lak út í andrúmsloftið. Samkvæmt upplýsingum frá Joboland varð einn starfsmanna þeirra fyrir mestu eitruninni. - sun

Hjólreiðamaður í Bretlandi: Skotinn til bana á hraðbraut

BRETLAND, AP Hjólreiðamaður var skotinn til bana á fjölfarinni hraðbraut í Englandi í gær. Lögreglan hefur hafið umfangsmikla rannsókn á málinu.

Maðurinn var að hjóla á M40 hraðbrautinni í Warwickshire, um það bil 210 kílómetra norður af London þegar hann var skotinn. Sjúkrabílar komu á staðinn og sinntu manningnum en hann lést af sárum sínum. Mikil umferðaröngþveiti myndaðist á hraðbrautinni á meðan lögregla rannsakaði vettvang. - þeb

LAXVEIÐI

Ótrúleg veiði

Þrátt fyrir að laxveiði hafi víða ekki verið með ágætum í sumar, hefur ótrúleg veiði verið í Eystri-Rangá undanfarna daga. Hinn 8. ágúst veiddust 176 laxar, sem er met í ánni, en dagurinn á undan gaf um 130 laxa.

Lóðir við höfnina vekja áhuga fjárfesta

Aðilar á fasteignamarkaði hafa sýnt lóðum HB Granda áhuga eftir að fyrirtækið tilkynnti að það hygðist færa starfsemi sína til Akraness. Engar viðræður hafa átt sér stað en margir haft samband vegna lóðanna segir forstjórinn.

VÍDSKIPTI Fréttir af fyrirhuguðum flutningi HB Granda upp á Akranes hafa vakið áhuga aðila á fasteignamarkaði á lóðum félagsins við Reykjavíkurböfn. Fulltrúar HB Granda hafa ekki tekið undir þann áhuga, enda slíkt ekki tímaþætt, segir Eggert B. Guðmundsson, forstjóri HB Granda.

„Það hafa engar viðræður átt sér stað, en það eru mörg félög í bænum sem hafa atvinnu af því að hringja í fólk og kanna möguleika, svo auðvitað eru alls konar hringingar sem koma. [...] En það er ekkert að gerast þar sem við höfum tekið undir,“ segir Eggert.

HB Grandi tilkynnti í síðustu viku að fyrirtækið hygðist leggja niður starfsemi sína í Reykjavík og flytja alla starfsemi á einn stað á Akranesi. Þær ástæður voru gefnar að vegna samdráttar í þorskveiðum yrði félagið að snúa sér að öðrum tegundum, og hagræði væri fólgið í að vinna allt hráefnið á einum stað.

Tvær lóðir fyrirtækisins við Reykjavíkurböfn gætu verið gríðarlega verðmæt, en fiskvinnslan stendur á um 8.500 fermetra lóð og fiskimjölsmiðjan á lóð sem er talsvert stærri, segir Eggert.

Hann segir að fyrirtækið muni taka eitt skref í einu. Forsenda fyrir flutningi til Akraness sé að Faxaflóahafnir taki vel í erindi um hraðari uppbyggingu á hafnarastöðu á Akranesi. Ef það verði að veruleika megi hugsa um næstu skref. „Við erum ekki byrjaðir á þeim kafla, höfum ekki opnað þá bók einu sinni,“ segir Eggert.

Spurður hvort verðmæti lóð-



FISKVINNSLA Öll fiskvinnsla HB Granda flyst til Akraness verði forsundur um hafnarastöðu og fleira uppfylltar.

anna við Reykjavíkurböfn hafi ekkert spilað inn í þá ákvörðun að flytja starfsemi til Akraness segir Eggert: „Það þori ég ekki að segja til um, þetta er ákvörðun sem stjórnin tekur, og telur félaginu mest til hagsbóta.“

Fasteignir HB Granda eru metnar á samtals tæplega 1,2 milljarða króna í ársreikningi, en Eggert segir að ekki hafi verið hugleitt hvort það sé líklegt að svo hátt eða hærra verði fást fyrir fasteignirnar, selji fyrirtækið eignirnar.

HB Grandi leigir lóðirnar af Reykjavíkurborg, og í leigusamningi eru meðal annars sett skilyrði um að þar skuli fara fram fiskvinnsla. Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs og formaður Faxaflóahafna, sagði í samtali við Fréttablaðið á föstudag að fyrir lægi að Faxaflóahafnir og Reykjavíkurborg hafi í hyggju að viðhalda útgerð og fiskvinnslu á þessum stað við Reykjavíkurböfn.

brjann@frettabladid.is

Skotárás í Kaupmannahöfn: Fimmtán skot úr leigubíl

DANMÖRK Lögreglan í Kaupmannahöfn leitir þriggja bifreiða eftir skotárás að morgni sunnudags. Samkvæmt netútgáfu Berlingske tidene var fimmtán skotum skotið úr leigubíl á tvo aðra bíla á Amagerbrogade í Kaupmannahöfn klukkan kortér fyrir fimm á sunnudagsmorgun. Fyrstu rannsóknir sýna að öll skot hafi komið úr leigubílnum. Lögregla leitar að honum, bláum Peugeot 206 og dökkum Audi eða VW Passat.

Engan sakaði við skothróina. Ein kúla fór í gegnum rúðu á hárgreiðslustofu og lögregla fann ummerki eftir fleiri á húsveggjum. - sun



SKÓGUR Sextán tré höfðu varðveist í opinni kolanámu í Ungverjalandi í átta milljón ár.

Vísindamenn í Ungverjalandi: Fundu ævaforan skóg

UNGVERJALAND, AP Fornleifafræðingar hafa fundið foran skóg í Ungverjalandi. Skógurinn er talinn vera um það bil átta milljón ára gamall. Hann fannst í opinni kolanámu í Bukkabrány í Ungverjalandi. Sextán tré höfðu varðveist, talið er að það sé vegna þess að þau grófust í sand.

Nú þegar sandurinn sem verndaði trén er farinn er hættu á því að þau eyðist. Verið er að reyna að varðveita trén eftir að tilraunir til að flytja eitt þeirra mistökust.

Vonast er til þess að trén muni veita vísindamönnum upplýsingar um hvernig loftslag jarðarinnar var fyrir átta milljónum ára. - þeb

Uppbygging í Þorlákshöfn: Kemur Eyjum ekkert við

SAMGÖNGUR Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir byggingu stórskipahafnar í Þorlákshöfn og Bakkafjörufafnar tvö aðskilin málefni. Bæjaryfirlöfandi í Ölfusi hafa skorað á ríkisstjórnina að falla frá framkvæmdum við Bakkafjöruföfn. „Stórskipahöfn er vissulega nauðsynleg fyrir álver við Þorlákshöfn, en það kemur samgöngum til Vestmannaeyja bara ekkert við,“ sagði Elliði.

„Bakkafjöruföfn er hugsuð til að bæta samgöngur við Vestmannaeyjar, ekki atvinnulíf við Ölfus.“ - sun

STÓRTÓNLEIKAR
LANDSBANKANS & RÁSAR 2

MIKLATÚN
Á MENNINGARNÓTT

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

Norðaustan 5-10 m/s
» þriðjudagur

Norðaustlæg átt, 5-10 m/s

Umhverfi	Veður	Temperatúra
Kaupmannahöfn	23°C skúrir	London 24°C léttskýjað
Billund	21°C rigning	Paris 25°C léttskýjað
Oslo	19°C rigning	Frankfurt 24°C skúrir
Stokkhólmur	12°C skúrir	Friedrichshafen 21°C skýjað
Gautaborg	23°C rigning	Berlin 23°C skýjað
Eindhoven	25°C skýjað	
Basel	24°C skúrir	
Alicante	31°C léttskýjað	
Róm	27°C hálfskýjað	
Las Palmas	24°C heiðskýrt	


* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Veldu réttu töskuna fyrir barnið



ÞAÐ SKIPTIR MÁLI HVERNIG TASKAN ER GERÐ.

- 1 Skólataskan þarf að falla þétt að hrygg barnsins. Athugið að taskan sé vel bólstruð að aftan.



Öll bönd þurfa að vera breið, stillanleg og auðvelt að herða og losa.



Taskan má ekki vega meira en 10-20% af líkamsþyngd barnsins.

- 4 Betra er að annað hvort séu brjóst- eða mjaðmafestingar sem halda töskunni sem næst líkamanum.
- 5 Skólataskan má ekki vera of breið því það hindrar eðlilegar hreyfingar handleggjanna.

Iðjupjálfi í verslunum Eymundsson

Iðjupjálfi verður til aðstoðar við val á réttu töskunni í verslunum okkar eftirtalda daga:

Hallarmúli Mánudaginn 13. ágúst kl. 16 - 17,
Þriðjudaginn 14. ágúst kl. 17 - 18
Keflavík Miðvikudaginn 15. ágúst kl. 17 - 18
Austurstræti Fimmtudaginn 16. ágúst kl. 17 - 18
Kringlan Norður Fimmtudaginn 16. ágúst kl. 18 - 19

KJÖRKASSINN



Tókst þú þátt í gleðigöngu samkynhneigðra?

Já	16%
Nei	84%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fylgist þú með ensku knattspyrnunni?

Segðu skoðun þína á vísir.is.



Mál og menning selur hús sitt til að fjármagna kaup á bókaútgáfu:

Vonast eftir 400 milljónum

VIÐSKIPTI Húsnæði Máls og menningar á Laugavegi 18 í Reykjavík var í gær auglýst til sölu í Morgunblaðinu, en að sögn Árna Einarssonar, forstjóra Máls og menningar, ætlar félagið að nota peningana sem fást fyrir húsnæðið til þess að fjármagna kaupin á bókaútgáfuhluta Eddu-útgáfu. Forsvarsmenn Máls og menningar vonast til þess að fá að minnsta kosti 400 milljónir fyrir húsið, sem er um 1.000 fermetrar að stærð. „Við erum að selja húsið eingöngu til þess að fjármagna kaupin,“ segir Árni Einarsson, forstjóri Máls og menningar. Mál og menning hefur ekki



HÚS MÁL OG MENNINGAR Er til sölu hjá Eignamiðlun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

verið með starfsemi í húsinu undanfarin ár og því verður engin breyting á starfsemi Máls og menningar við sölu. „Þetta er stórt hús í hjarta bæjarins og því finnst mér ekkert óeðlilegt að það vekji athygli þegar það er auglýst til sölu. Við erum ekki með neina starfsemi í húsinu og höfum einungis haft af því leigutekjur undanfarin ár. Forlagið er uppi í Síðumúla 28, og verður þar áfram, en eignarhaldsfélagið Mál og menning er bara póstkassi út í bæ.“

Fasteignasalan Eignamiðlun er með húsið á sölu en það var hann-af af Sigvalda Thordarson og byggt árið 1961. -mh

Kosningar í Síerra Leóne:

Góð þátttaka í kosningunum

SÍERRA LEÓNE, AP Kosningar í Afríkuríkinu Síerra Leóne hafa að mestu leyti gengið vel fyrir sig. Kosningar voru haldnar í annað sinn um helgina eftir að löngu borgarastríði lauk árið 2001. Í fyrri kosningunum, árið 2002, höfðu Sameinuðu þjóðirnar umsjón. Bæði var kosið í þing- og forsetakosningum. Yfir 500 manns bjóða sig fram í um 100 þingsæti en sjö frambjóðendur vilja taka við af Ahmad Tejan Kabbah. Mikil þátttaka var meðal þeirra 2,6 milljóna sem voru á kjörskrá. Talning atkvæða er hafin en endanlegrar niðurstöður er að vænta innan tólf daga. -þeb



ROBERT MURRAY NÁMUEIGANDI

Murray segist ekki hafa gefið upp vonina um að finna verkamennina sex á lífi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Sitja fastir í námu:

Myndavél komið fyrir í námu

BANDARÍKIN Björgunarmenn í Utah í Bandaríkjunum hafa komið fyrir myndavél í kolanámu þar sem sex verkamenn sitja fastir. Ekkert hefur heyrst frá mönnum síðan á mánudag þegar náman, sem er í Crandall-skarði í Klettafjöllunum, hrundi.

Áður höfðu verið teknar myndir í annarri borholu en ekkert lífsmark fundist. Skilyrði eru að sögn mun betri í síðari holunni, og binda björgunarmenn vonir við að mennirnir finnist á lífi.

„Við höfum ekki gefið upp von. Hins vegar eru skilyrði mjög erfið þarna niðri, og óvíst að myndavélin nái skýrum myndum,“ sagði Robert Murray, annar eigenda námunnar. -jsk

FRAMKVÆMDIR

Borun gengur vel

Boranir eru í fullum gangi á háhitasvæðum við Þeistareyki, vegna orkuöflunar fyrir fyrirhugað álver á Bakka. Tvær holur eru ráðgerðar á Þeistareykjum, að því er greint er frá á heimasíðu Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, en borinn í fyrri holunni er nú kominn niður á 500 til 600 metra dýpi.

Vilja aukna samstöðu ríkjanna

Friðarþing fór fram í Kabúl um helgina. Forsetar Afganistans og Pakistans ræddu þar vilja sinn til betri samskipta og aukins trausts á milli landanna. Þeir undirrituðu einnig yfirlýsingu um að halda áfram stríðinu gegn hryðjuverkum.

AFGANISTAN Forsetar Afganistans og Pakistans, þeir Hamid Karzai og Pervez Musharraf, ávörpuðu friðarþing ættbálka í Kabúl í gær. Þá skrifuðu þeir undir yfirlýsingu þar sem því var heitið að stríðinu gegn hryðjuverkum yrði haldið áfram. Í yfirlýsingunni kom einnig fram að löndin muni berjast gegn ólöglegum fíkniefnaviðskiptum og að stuðlað yrði að efnahagslegum umbótum á landamærasvæðum ríkjanna, þar sem þörfin er hvað mest.

Á þinginu voru samankomnir um 700 ættbálka-leiðtogar frá báðum ríkjum. Samskipti ríkjanna hafa verið stíð undanfarin ár en sáttatónn var í ræðum forsetanna. Musharraf, forseti Pakistans, talaði meðal annars um þau sterku tengsl sem á milli landanna væru. Þá sagði hann mikilvægt að byggja upp gagnkvæmt traust á milli þeirra. Þau verði að standa saman til þess að sigra öfl öfga og hryðjuverka. Undir þessi orð hans tók Karzai, forseti Afganistans, og sagði vera staðráðinn í því að byggja upp þetta traust. „Eg bið fyrir góðu sambandi milli landanna tveggja,“ sagði hann.

Musharraf sagði einnig að samfélögum Afgana og Pakistana stafaði mikil hættu af þeim litla hópi fólks sem beitti ofbeldi og skapaði afturför. Þau öfl trufla frið og samstöðu og komi í veg fyrir framfarir og þróun í löndunum. Hann sagði önnur Asíulönd sigla fram úr Pakistan og Afganistan, en það hernaðarástand sem þar ríki tefji allar tilraunir til að auka hagsæld.

Bæði löndin eru bandamenn Bandaríkjamanna og segjast vilja útrýma hryðjuverkum. Stíð samskipti þeirra á milli hafa þó meðal annars stafað af því að margir afganskir embættismenn hafa sakað Pakistan um að hýsa talibana og meðlimi Al-Kaída. Stjórnvöld í Pakistan hafa alfarið neitað því. Fyrir liggur þó að margir talibana fara huldú höfði í Pakistan.

Ættbálkahöfðingjar í Wazaristan, þeim hluta Pakistans þar sem mestur óstöðugleiki er, neituðu að taka þátt í friðarþinginu. Þeir sögðu að á meðan fulltrúar talibana væru ekki á þinginu yrði engin lausn fundin á þessum málum.

thorunn@frettabladid.is



FORSETARNIR HITTAST Hamid Karzai, forseti Afganistans, og Pervez Musharraf, forseti Pakistans, hittust á friðarþingi í Kabúl í gær. Í ávörpum sínum á þinginu ræddu þeir báðir um nauðsyn þess að byggja upp gagnkvæmt traust á milli nágrennaríkjanna tveggja. NORDICPHOTOS/GETTY



HRINGLEIKAHÚSIÐ Í RÓM Hagvöxtur á Ítalíu hefur verið hægur.

Hægur hagvöxtur á Ítalíu:

Vöxtur undir væntingum

ÍTALÍA Ítalska hagkerfið óx um 0,1 prósent á öðrum ársfjórðungi og var nokkuð undir væntingum. Ítalska fjármálaráðuneytið hafði spáð tveggja prósentu h agvexti á árinu og því ljóst að ólíklegt er að það takmark náist.

„Þetta er töluvert minni hagvöxtur en við áttum von á,“ sagði Chiara Corsa, sérfræðingur hjá ítalska bankanum Unicredit, en bætti við að líklegt þætti að talsvert meiri vöxtur yrði á síðari ársþelmingi.

Ítalska hagkerfið hefur verið meðal þeirra evrópsku hagkerfa sem hvað hægast hafa vaxið undanfarin ár. Hagvöxtur árið 2006 nam þó 1,9 prósentum og var sá mesti í nokkur ár. -jsk

Könnun í Bretlandi:

Gordon Brown nýtur vinsælda

BRETLAND Fylgi Verkamanna-flokksins mældist hið mesta í tæp fimm ár samkvæmt könnun breska dagblaðsins The Sunday Times. Flokkurinn mældist með 42 prósentu fylgi og hefur tíu prósentu forskot á Íhaldsflokkinn.

Gordon Brown, nýr leiðtogi flokksins, er talinn eiga heiðurinn af þessari miklu fylgisaukningu. Samkvæmt könnuninni nýtur Brown mikils stuðnings í Bretlandi. 65 prósent telja hann standa sig vel í starfi en aðeins 17 prósentum þykir hann standa sig illa. -þeb

Forseti Íraks boðar helstu stjórnmalaleiðtoga landsins á fund:

Stjórnarkreppa ástæða neyðarfundar

ÍRAK, AP Forsætisráðherra Íraks, Nouri Maliki, hefur boðað helstu stjórnmalaleiðtoga landsins til neyðarfundar. Á fundinum er ætlinin að ræða og leysa stjórnarkreppuna sem ríkir í landinu.

Á síðustu vikum hafa nánast allir súnnítar, sem eiga sæti í ríkisstjórn landsins, sagt upp störfum. Aðrir hafa sniðgengið fundi. Þetta veldur því að sautján sæti í ríkisstjórninni eru auð. Margir þessara ráðherra hafa sakað forsætisráðherrann um að hann hafi ýtt þeim til hliðar. Að sögn fréttamanna BBC fréttastofunnar er stjórnarkreppan mikil áhyggjuefni fyrir Bandaríkin. Þau hafi viljað sjá framfarir í þessum málum áður en hersveitir þeirra yfirgefa landið.

Massoud Barzani, leiðtogi Kúrda, er þegar kominn til Baghdag til að taka þátt í fundinum. Talið er að hans hlutverk í



FORSETISRÁÐHERRANN Nouri Maliki hefur boðað til neyðarfundar vegna stjórnarkreppunnar sem ríkir í Írak um þessar mundir. NORDICPHOTOS/AFP

þeir gangi aftur til liðs við ríkisstjórnina eða fari í stjórnarandstöðuna. -þeb

www.oryggi.is

Prófaðu Heimaöryggi í tvo mánuði í sumar – ókeypis!

Engin krafa er gerð um framhaldsviðskipti, engin skuldbinding!
Tilboðið er í boði á þeim þéttbýlisstöðum þar sem Öryggismiðstöðin hefur þjónustuaðila og sinnir útkallsþjónustu.

Vegna frábærra undirtekta framlengjum við tilboðið til 15. ágúst



Hringdu í 530 2400 og kynntu þér málið!



Sumartilboð



Nú er rétti tíminn fyrir nýtt rúm

Tempur heilsurúm, stillanleg rúm og heilsukoddar á sumartilboði



Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin“ sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjöbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.



Yfir 30.000 læknar, sjúkráþjálfarar og kiropraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnunnar og kotta koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktur á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskóla-sjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.



Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

Akureyri
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað áskaka stofnfjáraeigendur í Sparisjóði Skagafjarðar stjórnendur hans um?
2. Hvers margir tóku þátt í Gleðigöngu á laugardaginn?
3. Hvaða íslenska stuttmynd er komin í forval til Óskarsverðlauna?

SVÖRIN ERU Á Síðu 38

Fylgst með boltanum á netinu:

Ensku mörkin öll á visir.is

ÍPRÓTTIR Fréttavefurinn visir.is mun bjóða upp á það í vetur að hægt verður að skoða öll mörkin sem skoruð eru í ensku úrvalsdeildinni á vefnum strax á sunnudagskvöldum. Mörkin sem skoruð voru í leikjum fyrstu umferðar eru þegar komin á vefinn.

Einnig verður boðið upp á myndskaið sem sýna brot úr öllum leikjum umferðarinnar, samantekt fyrir hverja umferð, flottustu mörk umferðarinnar, lista yfir ellefu bestu leikmenn hvers umferðar og bestu markvörsluna. Myndskaiðin munu verða aðgengileg þar til næsta umferð hefst.

- sh



ENSKI BOLTINN Nú er hægt að sjá samantekt úr öllum leikjum enska boltans á visir.is, auk ýmissa annarra myndskaiða.

Lögregluvarðstjóri á Dalvík segir að endurskoða þurfi öryggismál á Fiskidaginn:

Fjöldinn kallar á meira öryggi

LÖGREGLUMÁL Skipuleggja þarf tjaldstæði betur fyrir Fiskidaginn mikla á Dalvík til að tryggja aðgengi að öllum sem þar gista segir Jón Konráðsson, aðalvarðstjóri lögreglunnar á Dalvík.

Talið er að í kringum 35 þúsund manns hafi lagt leið sína á Dalvík um helgina, en að sögn Jóns fór allt ótrúlega vel fram miðað við mannfjöldann. Talsverður erill var þó hjá lögreglu, aðallega vegna mikillar ölvunar. Tilkynnt var um þrjár líkamsrásir, allar minniháttar, tveir voru teknir fyrir ölvunarakstur og tvær rúður voru brotnar.

Jón segir að vegna þess hversu stór hátíðin er orðin, og að hún



FISKIDAGURINN Í FYRRA Aldrei hafa fleiri verið á Fiskideginum mikla á Dalvík en í ár. Myndin er frá hátíðinni í fyrra.

stækki bara með hverju árinu, þurfi að taka öryggismál til endurskoðunar áður en hún verður haldin að nýju. „Tjaldstæðin eru farin að breiða svo úr sér að það verður að skipuleggja þau betur. Fólk er farið að koma snemma í vikunni, jafnvel beint eftir verslunarmannahelgi, að tjalda. Svo breiðir tjaldsvæðið bara úr sér í allar áttir, þannig að ef eitthvað kæmi upp, eldur eða eitthvað, þá væri engin leið fyrir okkur að komast nálægt miðju svæðisins á bíl, svo dæmi sé tekið.“

Jón segir þó að þetta ætti að vera létt verk og löðurmannlegt.

- sh

Herhundar hætta vegna heilsu:

Kvaddir með kexi og nagdóti

BANDARÍKIN Flugher Bandaríkjanna heilæraði í gær tvo þýska schäferhunda sem gegndu starfi sprengjuleitarhunda í Írak.

Hundarnir tveir létu báðir af störfum vegna heilsu. Johnny, sem er tíu ára, er með slitið liðband í hné og Cody, sjö ára, þjáist af heilæxli og verður lógað.

Eftir athöfnina, sem var fjölmenn og fór fram í herstöð í Massachusetts, fengu hundarnir innpakkaðar gjafir sem innihéldu nagdót og hundakex. Báðir höfðu hundarnir verið í þjónustu hersins í sex ár, og Johnny hafði áður starfað með leyniþjónustunni.

- sh

Segir ágreining upp um Ratsjárstofnun

Dómsmálaráðherra segir ekki ólíklegt að spara megi fé með því að færa starfsemi Ratsjárstofnunar undir Flugstoðir og vaktstöð í Skógarhlíð. Varaformaður Framsóknarflokksins segir ágreining ríkja meðal sjálfstæðismanna um stofnunina.

ÞJÓÐARÖRYGGI Ágreiningur ríkir meðal sjálfstæðismanna um framtíð Ratsjárstofnunar segir Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra vill færa starfsemi Ratsjárstofnunar annað, og segist ekki hafa heyrt andmæli við hugmyndum sínum frá ráðherrum eða þingmönnum Sjálfstæðisflokks.

Í vor lagði Valgerður, þá utanríkisráðherra, fram frumvarp í ríkisstjórn þar sem hlutverk Ratsjárstofnunar var skilgreint. Hún segir að frumvarpið hafi ekki náð fram að ganga vegna ósættis innan Sjálfstæðisflokks.

Í frumvarpinu var gert ráð fyrir því að Ratsjárstofnun heyrði áfram undir utanríkisráðuneytið, starfaði að sömu verkefnum, en á ódýrari máta, segir Valgerður.

„[Geir H. Haarde] forsætisráðherra stoppaði þetta mál vegna þess að hann vissi að hann gæti ekki fengið samstöðu um það,“ segir Valgerður. Þar sem frumvarpið hafi ekki náð fram að ganga



STOKKSNES Ratsjárstofnun rekur ratsjárstöðvar á fjórum stöðum á landinu, þar á meðal á Stokksnesi við Höfn í Hornafirði.

sé ekki rétt að upplýsa frekar hvað þar hafi komið fram.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sagði í ræðu sem hann flutti á fundi Samtaka um vestræna samvinnu og Varðbergs, 29. mars síðastliðinn að óþarfi sé að halda úti sérstakri stofnun til að lesa úr merkjum frá tækjum Ratsjárstofnunar. Í tölvupósti til Fréttablaðsins í gær segist hann enn sömu skoðunar.

„Ég tel, að eftirlit með þessum merkjum eigi annars vegar að vera hjá flugumferðarstjórum og

hins vegar þeim, sem manna vaktstöðina við Skógarhlíð auk þess sem þau eru send inn í eftirlitskerfi NATO,“ sagði Björn í mars. Yrði niðurstaðan á þá leið myndu málefni ratsjárstöðvanna færast frá utanríkisráðuneytinu til samgönguráðuneytis og dómsmálaráðuneytis.

Í tölvupósti í gær sagðist Björn ekki hafa kynnt sér nægilega vel hverjir séu helstu kostnaðarþættirnir í starfsemi Ratsjárstofnunar, en ekki sé ólíklegt að með því að færa starfsemi undir Flugstoðir og vaktstöðina í Skógarhlíð þessu sé hægt að draga úr kostnaði við ratsjárstöðvarnar.

EKKI náðist í Geir H. Haarde forsætisráðherra eða Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra við vinnslu fréttarinnar í gær. Í fréttum Útvarps sagði Geir að ágreiningur hafi verið um Ratsjárstofnun í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

brjann@frettabladid.is



BJÖRN BJARNASON



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Enski boltinn kostaður:

Tryggir góð kjör á enska boltanum

ÍPRÓTTIR Um helgina voru staðfestir samningar um kostun Sýnar 2 til næstu þriggja ára. Að sögn Ara Edwald, forstjóra 365, munu þessir kostendur tryggja að enski boltinn berist um allt land á hagstæðum kjörum. Kostunaradilar enska boltans eru Vodafone, 10-11, Iceland Express og váttryggingafélagið Vörður.

Samningurinn er hinn stærsti í sögu íslensks sjónvarps.

- þeb

SAMNINGAR STAÐFESTIR Fulltrúar kostenda, Guðmundur J. Jónsson, Matthías Imsland, Ómar Svavarsson og Guðjón Reynisson, ásamt Ara Edwald og Heimi Karlssyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



SKOSKIR ÞÍPULEIKARAR Máttu sætta sig við slakt gengi í sekkjapípukeppni.

Alþjóðleg sekkjapípukeppni:

Skotar tapa í sekkjapípuleik

SKOTLAND Engir Skotar lentu meðal þriggja efstu í alþjóðlegri keppni sekkjapípuhljómsveita sem fram fór í Glasgow í Skotlandi.

Sveit frá Norður-Írlandi þótti standa sig best í blæstrinum og sigraði í öllum þremur keppnisflokkunum. Kanadískar sveitir höfðu í öðru og þriðja sæti í keppninni. Skoskar sveitir lentu í fjórða og fimmta sæti.

Um 8.000 sekkjapípuleikarar og trommarar skipuðu yfir 200 sveitir sem tóku þátt í keppninni. Framkvæmdastjóri konunglega skoska sekkjapípuhljómsveitasambandsins sagði að það væri ánægjulegt hversu alþjóðlegur sekkjapípuleikur væri orðinn.

- sh

LÖGREGLUFRETTIR

Óku út af en meiddust ekki

Ungur maður ók bíl sínum út af veginum við Torfalek um sexleytið í gær. Að sögn lögreglunnar á Blönduósi var einn farþegi í bílnum auk okumans og sluppu þeir báðir án meiðsla. Ekki er vitað hvað olli óhappinu. Billinn er grindarskekkur og líklega ónýtur.

26 teknir á tveimur tímum

Lögreglan á Blönduósi stöðvaði 26 ökumenn á einungis tveimur klukkustundum fyrir ofan hraðan akstur á Þverárjallsvegi, milli Blönduóss og Sauðárkróks. Fjórir þessara ökumanna óku á 135 til 138 kílómetra hraða.

Gleðilegar ræstingar

– og farsælan vinnudag!

Á tilboði í ágúst 2007
Óflugar gólfvottavélur
frá TASKI

TASKI swingo 450 B

Einstaklega lipur vél sem hentar á svæðum þar sem aðkoma er þröng. Vél sem kemur á óvart!

Raunhæf afköst 450 m²/klst
Reiknuð afköst 1250m²/klst

399.384 kr.



TASKI swingo 750 B

Lítill og nett, en afkastamikil vél með innbyggðu hleðslutæki sem hindrar afhleðslu rafgeyma.

Raunhæf afköst 750 m²/klst
Reiknuð afköst 1935m²/klst

499.396 kr.



Eigum einnig til notaðar vel meðfarnar TASKI gólfvottavélur, nýkomnar úr 3ja ára rekstrarleigu frá viðskiptavinum RV. Tækifæri til að gera ótrúlega góð kaup.

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



UNIQUE/RV 07/07/02



100%
FJÄRMÖGNUN

Nýr Chevrolet Lacetti Station á aðeins 25.827,- á mán.*

- 100% fjármögnun
- Engin útborgun
- Í erlendri mynt, vextir 4,27%
- 3 ára ábyrgð

LÆKKAD VERÐ



Chevrolet Lacetti 1800cc
frá GM stærsta bílaframleiðanda í heimi
Verð: 1.799.000,- Við auglýsum ekki verð frá!

Engin útborgun...
...og þú ert kominn á nýjan fjölskyldubíl!

Lacetti

*m.v. gengi 24.07.07 og 84 mánaða bílasamning (í erlendri mynt, vextir 4,27%)

Vertu klár – engin útborgun fyrir nýjan bíl

Þú færð nýjan fjölskyldubíl úr kassanum með 100% fjármögnun og borgar aðeins 25.827 kr. á mánuði. Bíllinn, sem er hluti af evrópulínu Chevrolet, er með 3ja ára ábyrgð og Chevrolet gæðastimplinum. Vertu því klár, komdu og kynntu þér málið. Við erum á Tangarhöfðanum og tökum vel á móti þér.

Bílaútlán
Benna

Tangarhöfða 8-12 Sími 590 2000 www.benni.is Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00
Umboðsmenn: Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala Austurlands, Egilsstöðum. Bílasala Vesturlands, Borgarnesi.



CHEVROLET



ENN RIGNIR Í NEPAL Tvö börn áttu leið yfir Durbar-torg í Katmandú, höfuðborg Nepals, í gær þar sem monsunregnið streymir enn niður úr skjúnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Sat í fangelsi í þrettán ár:

Pólitískum fanga sleppt

ERLENT Kúbverska andófsmánninum Francisco Chaviano hefur verið veitt reynslulausn úr fangelsi. Chaviano, sem er kennari að mennt, hefur setið í fangelsi á Kúbu síðan árið 1995.

Samkvæmt tölum frá Amnesty International eru enn tvö hundruð pólitískir fangar á Kúbu. Raul Castro, sem gegnir starfi bráða-birgðaforseta í fjarveru Fíðels bróður síns, hefur veitt fjölda þeirra lausn síðan hann tók við embætti. Kúbversk stjórnvöld hafa alla tíð neitað að mennirnir sitji inni vegna pólitískra skoðana og segja þá andbyltingarsinna sem brotið hafi gegn landslögum. - jsk



Stúlkur gengu fram á dóna: Fróaði sér á hjóli í Vesturbænum

LÖGREGLUMÁL Óskemmtileg sjón blasti við þremur ungum stúlkum þegar þær gengu Sólvallagötuna í Reykjavík á heimleið úr bænum eldsnemma í gærmorgun. Þar var staddur karlmaður á reiðhjólum sem fróaði sér fyrir allra augum.

Stúlkurnar tilkynntu lögreglu um athæfið, skiljanlega brugðið. Þær sögðu hann hafa verið klæddan í bláan og rauðan jakka, með derhúfu, og á hjóli eins og fyrr segir.

Að sögn varðstjóra lögreglu er ekki vitað hver maðurinn er og enginn hefur verið handtekinn vegna málsins. - sh

LÖGREGLUFRÉTTIR

Sleginn með flösku í andlitið

Maður var sleginn í andlitið með glerflösku inni á skemmtistaðnum Sólun við Bankastræti á þriðja tímanum í fyrrinótt. Að sögn lögreglu var maðurinn fluttur alblóðugur á slýsadeild þar sem gert var að sárum hans, en framtennur hans losnuðu auk þess sem efrivör hans skarst í sundur. Árásarmaðurinn slapp.

Fastur á þaki jeppa í miðri á

Björgunarsveitin Dagrenning frá Hvolsvelli bjargaði í fyrrkvöld manni um þrítugt sem sat fastur á þaki jeppa í miðri Gilsá sem rennur í Markarfljót. Maðurinn virðist hafa villst af leið og reynt að fara yfir ána á röngum stað. Jeppinn hafði borist nokkra vegalengd niður ána þegar maðurinn var bjargað. Bíllinn var dreginn á land.

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

Hvönn hindrar krabbamein

Fyrirtæki dr. Sigmundar Guðbjarnasonar vinnur að gerð heilsubótarefnis úr hvönn sem getur haft áhrif á Alzheimer og gleymsku. Sigmundur segir hvönnina geta minnkað líkur á krabbameini og rístruflunum.

HEILBRIGÐISMÁL Fyrirtækið SagaMedica vinnur að gerð heilsubótarefnis úr hvönn sem getur unnið gegn Alzheimer og heilabilun. Dr. Sigmundur Guðbjarnason, fyrirverandi háskóla- og lækningamaður, hefur rannsakað lækningamátt ætíðhvannar og segir hana geta haft áhrif á minnstap.

„Við höfum verið að prófa efni sem virkar vel gegn gleymsku,“ segir Sigmundur. „Vísindamenn í Asíu hafa rannsakað margar gerðir af hvönn og þeir eru að setja á markað efni úr henni til að vinna gegn Alzheimer og heilabilun. Við erum að birta rannsóknir sem sýna sömu niðurstöður og rannsóknir Kóreumanna.“

Sigmundur segir hvönnina inni-

halda efni sem ætti að hafa jákvæð áhrif á minnstap. „Það er með tvennum hætti. Annars vegar hefur hún áhrif á ensím í heila, sem skipta miklu máli og draga úr niðurbroti boðefna í heilanum. Jafnframt eru í hvönninni efni sem víkka æðarnar og auka blóðstreymið,“ segir Sigmundur.

Framleiðsla SagaMedica fer að hluta til fram í Búðardal, en fyrirtækið er með verksmiðju á Akranesi og gengur að fullu frá vörum í Kaupmannahöfn. Sigmundur og Steinþórs Sigurðsson, samstarfsmaður hans, hafa aðstoðu til rannsóknanna í Læknagarði Háskóla Íslands.

„Við erum búnir að birta þrjár greinar sem fjalla um áhrif hvann-

arinnar á vöxt krabbameinsfrumna,“ segir Sigmundur. „Hvönn getur einnig aukið mönnum kraft og framtakssemi og virkar vel gegn síþreytu. Hún hefur reynst ágætlega við ýmsum kvillum.“

Sigmundur segir þó hvönnina aðallega nýttast til forvarna. „Við erum ekki að segja að þetta geti læknað eitt eða neitt, en við vitum að þetta hefur þýðingu til forvarna,“ segir Sigmundur.

„Þessi jurtt hefur verið notuð um

aldur sem lækningajurt. Þá var hún gjarnan notuð við magakvillum, kvefi, flensu, streitu og kvíða,“ segir Sigmundur. „Það er mjög gott fyrir fólk að nota bara hvönnina eða hvannarlaufið í salat. Nafnið ætíðhvönn gefur til kynna að þetta var bara matjurt.“

Sigmundur segir að Kínverjar hafi notað hvönnina gegn risvandamálum og efnin í henni geti nýst til að auka kyngetu eldri karlmannna. steindor@frettabladid.is



SIGMUNDUR VIÐ STÖRF Dr. Sigmundur Guðbjarnason, fyrirverandi háskóla- og lækningamaður, hefur rannsakað ýmsa þætti ætíðhvannar en fyrirtækið SagaMedica vinnur að gerð heilsubótarefnis úr hvönninni. Sigmundur sést hér við störf ásamt Steinþóri Sigurðssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hluthafafundur

Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.

Hluthafafundur verður haldinn í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. þriðjudaginn 21. ágúst 2007 í Borgarleikhúsinu við Listabraut í Reykjavík.

Dagskrá:

1. Tillaga til breytingar á samþykktum félagsins sem lýtur að heimild stjórnar til hækkunar á hlutfélaginu um kr. 500.000.000 að nafnvirði og að hluthafar falli frá forgangsrétti til hækkunar samkvæmt greindri heimild.
2. Tillaga stjórnar að starfskjarastefnu félagsins.
3. Tillaga um heimild til handa stjórn félagsins til kaupa á eigin hlutum fyrir hönd félagsins.
4. Önnur mál.

Fundurinn hefst að loknum fundi stofnfjáreigenda í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis sem haldinn verður sama dag og á sama stað að því gefnu að tillaga um breytingu sparisjóðsins í hlutfélag verði samþykkt á fyrrgreindum fundi stofnfjáreigenda. Fundur stofnfjáreigenda hefst kl. 17:00.

Tillögurnar liggja frammi til sýnis í Ármúla 13a, 108 Reykjavík, og einnig má nálgast þær á heimasíðu SPRON, spron.is.

Stjórn SPRON hf.

75 ára



Héraðs- og lögreglustjóri létu lífið í sprengingu:

Tveir hæstráðendur myrtir í suðurhluta Íraks

ÍRAK, AP Héraðsstjóri og lögreglustjóri íraska héraðsins Diwaniya létust í sprengjuárás á laugardag. Khalil Jalil Hamza héraðsstjóri, og Khaled Hassan lögreglustjóri voru á ferð heim úr útför þegar sprengjan sprakk og þeytti bifreið þeirra út af veginum. Hamza lét lífið samstundis en Hassan lést af sárum sínum á sjúkrahúsi. Þrír lífverðir, sem voru með í för, létust einnig.

Mikil átök hafa verið í

Diwaniya-héraði milli sjía-vígamanna og íraskra lögreglusveita. Þetta er í fyrsta skipti sem tveir svo háttsettir menn úr sama héraði eru myrtir síðan innrásin í Írak hófst fyrir rúmlega fjórum árum.

Diwaniya er í suðurhluta Íraks og hefur ástand verið mjög óstöðugt þar undanfarnum misseri. Aðstoðarhéraðsstjóri fyrirskipaði strax í kjölfar árásinnar að útgöngubann tæki gildi. - jsk



FRÁ ÍRAK Tveir hæstráðendur í Diwaniya-héraði létu lífið í sprengjuárás. Gríðarlegur órói hefur verið í héraðinu á undanförunum misserum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frá kr. 2.790.000

TUCSON SPORT

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 16" álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á gírhúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur



Með bílinn handa þér

Hefur gæðin

TUCSON SPORT

Frá kr. 27.700 á mánuði*



Bíll á mynd: Hyundai Tucson Sport

Bílasamningur m.v. 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.

 **HYUNDAI** www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524



Feikna stemning á heimsmeistaramóti

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjónar með umgengni í skólanum á dagvinnutíma.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.

Skólameistari



Reykjavíkurborg

Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur

Í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaganna nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024.

Stækkun brunnsvæðis vatnsverndar í Vatnsendakrikum, Heiðmörk

Gerð er tillaga að stækkun á núverandi brunnsvæði í Vatnsendakrikum til vesturs, á mörkum Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar. Núverandi grannsvæði vatnsverndar minnkar samsvarandi.

Breytingin nær til sveitarfélagsuppdráttar aðalskipulagsins þar sem gerð er grein fyrir vatnsverndarsvæðum í Vatnsendakrikum í Heiðmörk. Núverandi brunnsvæði stækkar til vesturs sem nemur um 12 ha. á kostnað núverandi grannsvæðis. Tillagan er í samræmi við samsvarandi breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 og svæðisskipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu.


Nánar um tillögu vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 13. ágúst 2007 til og með 24. september 2007. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, www.skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 24. september 2007.

Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir inn-sendar athugasemdir með tölvupósti.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.



Reykjavík, 13. ágúst 2007
Skipulagsstjóri Reykjavíkur



ÁGÚST ER SKEMMTILEGRI!

GLÆNÝIR ÞÆTTIR MEÐ STELPUNUM
SO YOU THINK YOU CAN DANCE OG AMERICA'S GOT TALENT - ÚRSLITAÞÆTTIR

ÁSKRIFT: 512 5100 | VERSLANIR VODAFONE





er Karl.

2. KREISÍDAGAR



2.

WINDSOR DOLCE & GABBANA STEN
ARMANI CAMBIO SÆVAR KARL FRA
STRÖMS VAN LAACK JOOP! MIU MIU
ELLI ROSSETTI WINDSOR DOLCE & G
RADA ETRO ARMANI CAMBIO SÆVA
BANA STENSTRÖMS VAN LAACK JO

Við lækkum verðið ennþá meira, á mánudag og þriðjudag.
Kjólar frá DOLCE&GABBANA, ROBERTO CAVALLI, MIU
MIU, PRADA og ARMANI. Skór frá PEDRO GARCIA,
stígvél, stakar buxur, toppar og bolir.
Ótrúlegt verð á drögtum og gallabuxum,
borgaðu einar fáðu þjár.

sævar karl.

bankastræti 7. sími 5513470 saevarkarl@saevarkarl.is www.saevarkarl.is

Sagnfræði eða trúarbrögð

UMRÆÐAN

Guðfræði

Ég vil þakka Steindóri J. Erlingssyni greinar hans að undanfögnu. Hann bendir réttilega á það að frásagnir guðspjallanna af upprisunni geti seint talist sagnfræðilega áreiðanlegar enda allar ósamhljóða. Við það má auðvitað bæta að guðspjöllin eru skrifuð talsvert eftir að meintir atburðir áttu sér stað og ekki hafa höfundar þeirra verið sjónarvottar að atburðum. Loks er upprisan vægast sagt með miklum ólíkindum og þyrftu heimildir að slíku kraftaverki að vera miklum mun traustari en hér er til að dreifa. Samt er upprisan talin „söguleg“ í aðalnámskrá grunnskóla!

Goðmenni endurrisin

Samtímamenn fyrstu kristniskálda tóku lítið mark á frásögn af krossfestum, dánunum og upprisunum manni enda ekkert nýtt í henni, þetta var gömul saga og marg-sögð.

Launhelgar fornaldar voru meðal útbreiddustu trúarbragða í Rómaveldi. Hluti af helgihaldi þeirra var helgileikur þar sem goðmenni er hengt í tré, það deyr og er grafið en rís aftur til lífs. Táknræn hringrás lífs eins og sést í jarðargróðri sem deyr að hausti en rís til lífsins að vori. Launhelgarnar tóku gjarnan og aðlöguðu eldri guði, til dæmis Bakkus hinn rómverska, og á Uffízi safninu í Flórens má sjá tvær styttur af trjáhengdum Bakkusi, endurgerðir frumgerða frá 1. öld.

Frægastur endurrisinna goðmenna fornaldar var þó Ósiris hinn egypski. Guð undirheima en einnig lífs og sköpunar, ástmaður Ísisar. Helsta hátíð Ósirisar var haldin að vori, nokkru fyrir sumarflóð Nílar. Samkvæmt helgileiknum var Ósiris drepinn og rifinn í smátt en partarnir hengdir í tré. Ísis ténir þá saman en nær í sál Ósirisar til undirheima. Á þriðja degi rís hann aftur til lífs. Sem hluti af helgileiknum er borðuð heilög máltíð þar sem brauð er látið tákna líkama Ósirisar en rauðlitaður bjór drukkin með og tákna blóð hans. Hvort tveggja unnið úr korninu sem rís eftir Nílarflóðið, lífgjöf Egyptalands, sem rennur ávallt rautt fyrst í stað. Þessi egypska „páskahátíð“ er mun eldri en frásögn guðspjallanna.

Jesús sagði hvað?

Fróðir menn á fyrstu öldum efuðust auðvitað margir um að Jesús hefði yfir höfuð verið til, hvað þá að sagan af upprisunni væri sönn. Í ljósi þess hversu óáreiðanlegar heimildir guðspjöllin eru þá er vafasamt að gefa sér nokkuð um hvað Jesús sagði eða sagði ekki. Hvort hann hafi verið heimsenda-spámaður eða eitthvað annað er ekki sagnfræðilegt umræðuefni að mínu viti.

Helstu rökin gegn því að hægt sé að vita með vissu hvað Jesús sagði eða gerði er reyndar að finna í bréfum Páls sem jafnframt eru elsti hluti Nýja testamentisins. Páll þekkti aldrei Jesús en hann hafði áratugalöng samskipti við lærisveina á borð við Pétur, Jóhannes og Jakob, oft talinn bróðir Jesús, og auðvitað hlýtur hann að

hafa haft aðgang að fjölda manna sem ætla mætti að höfðu verið vitni að atburðum í lífi og starfi Jesús.

Páll er einn mesti ritstjallingur allra tíma. Í bréfum sínum leggur hann drög að þeim trúarbrögðum er síðar nefndust kristni og hann ræðir fram og til baka ýmis álitamál, trúarleg jafnt sem veraldleg, í löngu máli og af mikilli rökfestu. En hann nefnir aldrei eitt einasta atvik úr æfi Jesús, ekkert sem hann á að hafa sagt eða gert! Í öllum sínum rökleiðslum vitnar hann aldrei í þá frumheimild sem maður skyldi ætla að hefði verið honum aðgengilegust, æfi og starf Jesús sjálfs. Hann nefnir auðvitað ítrekað hinn upprisna Krist – sem þarf ekki, frekar en Ósiris, að vera raunveruleg persóna.

Þekking á borð við þessa kæmist aldrei inn í námsefni grunnskóla og nemendur vita það sjálfir, samaber þessi dæmisaga: Kennari einn í trúarbragðafræðum benti nemendum í 8. bekk á að dúfan sem birtist við skírni Jesús gæti verið tákni Ísisar og að niðurdýfingarskírni hafi þekkt í Ísisdýrkun. „Mátt þú nokkuð segja okkur þetta?“ spurði þá einn nemandinn.

Höfundur er verkamaður.

Mismunun lífsskoðana

UMRÆÐAN

Kristinfræðikennsla

Að undanfögnu hefur Fréttablaðið sýnt mér þann velvilja að birtameðskömmu millibili þrjár greinar þar sem ég hef bent á ýmislegt sem ég tel að betur megi fara í kristinfræðináms-efni grunnskólanna. Í þessari lokagrein ætla ég að rökstyðja mál mitt enn frekar með því að sýna fram á þá kerfisbundnu þögn sem ríkir í grunnskólakerfinu um aðrar lífsskoðanir en trúna á persónulegan guð kristinnar og hversu brenglaða mynd börnin okkar fá af þessum sökum af þeim þjóðum sem við viljum helst bera okkur saman við.

Lífsskoðunum má gróflaga skipta upp í fimm flokka: 1. Guðstrú (theism), 2. Algyðistrú (pantheism), 3. Deism, þ.e. trú á ópersónulegan skapara alheimsins sem hvorki svarar bænum né framkvæmir kraftaverk, 4. Efahyggju (agnosticism) og 5. Trúleysi (atheism). Í fyrstu sjö bekkjum grunnskólans læra börnin okkar nánast einungis um guðstrú og hvernig hún birtist í trú kristinna manna og gyðinga. Í



STEINDÓR J. ERLINGSSON

áttunda eða níunda bekk kynnst grunnskólanemendur einnig algyðistrú, eins og sjá má í „Maðurinn og trúin“ eftir Gunnar J. Gunnarsson.

Gallinn við bók Gunnars er hins vegar sá að þar er ekki minnst einu orði á síðustu þrjár lífsskoðanirnar. Virðist ekki skipta máli að margir af helstu hugsuðum „Vísindabylt-ingarinnar“ og Upplýsingarinnar voru deistar, eða að síðari hluta 18. aldar komu fram trúleysishugmyndir sem hafa síðan haft mikil áhrif á þróun vísinda og samfélags á Vesturlöndum. Það virðist ekki heldur skipta máli að „í sínum nútímabúningi er trúleysi“ eins og hinn heimspekkti breski guðfræðingur Alister McGrath benti nýlega á í bókinni The Twilight of Atheism, „án efa í hópi mestu afreka mannhugans“.

Enn fremur skiptir það börnin okkar engu að hjá þeim Evrópuþjóðum sem við viljum helst bera okkur saman við, þ.e. Norðurlandþjóðirnar og norðurhluta Vestur-Evrópu, er hlutfall sjálfsprottins trúleysis og efahyggju á bilinu 30-85 prósent, eins og fram kemur í ritgerðasafninu The Cambridge Companion to Atheism (2007). Þar kemur einnig fram að 16-23% Íslendinga aðhyllist efahyggju, trúleysi eða hafna trú á persónulegan guð. Þessi vitneskja virðist ekki skipta börnin okkar

máli. Ekki frekar en sú vitneskja að „af þeim 25 þjóðum sem fá hæstu einkunn hjá Human Development Index eru allar nema ein (Írland) í efstu sætum á lista yfir ótrúaðar þjóðir, sem hafa mjög hátt hlutfall sjálfsprottins trúleysis“, eins og fram kemur í áður nefndu ritgerðasafni. Eins og glöggir lesendur hafa tekið eftir kemst trúaðasta Vesturlandþjóðin, Bandaríkin, ekki inn á lista þeirra 25 þjóða sem hlúa best að borgurum sínum, eins og hann birtist í Human Development Report fyrir árið 2004.


Samkvæmt ákvörðun misvittra stjórnmalamanna, sem líklega eru undir áhrifum frá talsmönnum þjóðkirkjunnar, er það yfir þessum skjalfestu staðreyndum í lífsskoðananámsefninu sem borð er á borð fyrir börnin okkar. Í stað þessa þurfa þau, eins og aðrir landsmenn, reglulega að hlusta á mjög fordómfulla umfjöllun biskups Íslands og annarra þjóna þjóðkirkjunnar um þá sem ekki játa trú á neina yfirnáttúrlega veru, eins og ég hef bent á í greinunum „Trúleysingjar eru góðir nágrannar“ og „Er óeigingirmi guðleg?“ (Fbl. 17/05/07 og 20/11/06). Vilja foreldrar láta þjóða sér þetta?

Höfundur er vísindasagnfræðingur.

Frá kr. 2.790.000

TUCSON SPORT

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 16" álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á girhnúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur



Með bilinn handa þér

TUCSON SPORT

Frá kr. 27.700 á mánuði*

Hyundai hefur gæðin

Bilssamningur m.v. 30% atþörung og máhæðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi eittenda mynta. Gengiskarta 50% JPV / 50% CHF.

Bill á mynd: Hyundai Tucson Sport

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

**Gefðu
vatn**

**Hjálparstarf
kirkjunnar**
www.helplis

ALFRED HITCHCOCK
FÆDDIST PENNAN DAG ÁRIÐ 1899

„Hefndin er sæt
og hitaeningalaus“

Alfred Hitchcock er af mörgum talinn hæfileikaríkasti spennu-myndaleikstjóri sem uppi hefur verið. Hann lést úr nýrnabilun 29. apríl árið 1980.



tímamót

timamot@frettabladid.is

Elvis minnst

Fríðrik Ómar ásamt stórhljómsveit og gestasöngvurum syngur á tónleikum til minningar um Elvis Presley næsta fimmtudag. 16. ágúst eru þrjátíu ár liðin frá því Elvis féll frá og því tilvalið að rifja upp helstu perlur hans en tónleikarnir verða í Salnum í Kópavogi klukkan 20.30.


Elvis lést 42 ára í borginni Memphis í Tennessee. Læknar sögðu að hann hefði láttist af völdum hjartaáfalls en sumir héldu því fram að hann hefði fallið fyrir eigin hendi. Þegar fréttist af andláti hans streymdu aðdáendur hans til Grace-land, heimilis hans í Memphis, til að votta honum virðingu sína.

Elvis fæddist í Tupelo í Mississippi, 8. janúar 1935. Tvíburabróðir hans, Jesse, lést við fæðingu. Hann ólst upp við mikla fátækt og starfaði sem vörubílstjóri þegar hann lauk grunnskóla. Þegar hann var nítján ára gekk hann inn í upptökuver í Memphis og borgaði fjóra dali fyrir að taka upp nokkur lög til að færa móður sinni að gjöf. Eigandi upptökuversins, Sam Philips, heillaðist af söngnum og bauð Elvis að koma aftur og æfa sig með nokkrum tónlistarmönnum. Þegar Sam heyrði Elvis syngja R&B lagið That's

All Right samþykkti hann að gefa það út á smáskífu og fór hún á topp vinsældalista í Memphis. Þar með hófst stórfenglegur frami Elvis í tónlist.

Fyrsta lagið hans sem gefið var út á landsvísu var Heartbreak Hotel sem varð vinsælt snemma árs 1956. Í september það ár birtist Elvis í The Ed Sullivan Show, unglingar um allt land trylltust og Elvis-æðið hófst. Allt fram til 1958 einokaði hann vinsældalista í Bandaríkjunum auk þess sem hann lék í fjórum vinsælum kvikmyndum, Love Me Tender, Jailhouse Rock, Loving You og King Creole.

Árið 1958 var hann skyldaður í herinn í 18 mánuði þar sem hann keyrði um á herjeppa í Vestur-Þýskalandi. Eftir það fór hann að syngja rólegri ballöður, líkt og Are You Lonesome Tonight? Hann hætti að koma fram á tónleikum og einbeitti sér að kvikmyndum. Árið 1967 gekk hann að eiga Priscilla Beaulieu og eignuðust þau dótturina Lisu Marie ári síðar. Árið 1973 skildu þau en þá hafði líkamlegri og andlegri heilsu Elvis farið hrakandi. Hann varð háður lyfjum og ruslfæði og þyngdist verulega og átti hvort tveggja sinn þátt í dauða rokkkóngsins.



ROKKKÓNGUR Þess verður minnst á fimmtudaginn að 30 ár er liðin frá andláti Elvis Presley.

Fallegir legsteinar á góðu verði

Englsteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englsteinar.is

ÞETTA GERÐIST: 13 ÁGÚST 1961

Berlínarmúrinn reistur í skjóli nætur

Aðfaranótt 13. ágúst árið 1961 strengdu austur-þýskir hermenn gaddavir milli austur- og vesturhluta Berlínarborgar.

Árin tólf á undan höfðu yfirvöld í Austur-Þýskalandi séð eftir um tæplega þremur milljónum þegna sem fluttust búferlum yfir til Vestur-Þýskalands og var þetta tilraun þeirra til að standa vörð um efna-hag landsins.

Fljótlega eftir að hermennirnir höfðu strengt tæplega tvöhundruð kílómetra af gaddavir hófu hermennirnir austurþýsku að reisa múrinn. Hann varð um 155 kílómetra langur og um fögurra metra hár og allra útgönguleiða var vandlega gætt af hermönnum. Flóttamenn voru skotnir á færi og talið er að um 192 einstaklingar hafi látið lífið á þann hátt, þó mun um fimm þúsund einstaklingum hafa tekist

að sleppa yfir yfir múrinn og komast í skjól vestan megin hans.

Áhrifa aðskilnaðarins varð samstundis var.



Mörgum fjölskyldum var sundr- að, fjöldi Austur-Þjóðverja komst ekki til vinnu sinnar og bætt lífskjör voru útilokuð.

Múrinn stóð í rúmlega tuttugu og átta ár, en eftir að kommúnistastjórn Ungverjlands felldi múr sem hafði verið reistur við landamæri Austurríkis urðu mót-

uð kílómetra Austur-Þjóðverja svo háværar að nýskipaður leiðtogi kommúnistastjórnarinnar, Egon Krenz, lét undan þrýstingi.

Hinn níunda nóvember árið 1989 flyktust al-sælir Austur-Þjóðverjar yfir til Vestur-Þýskalands. Múrinn í Berlín er einn helsti minnisvarði kalda stríðsins.



ÆFT STÍFT Mótuttukórinn heldur tónleika í Skálholti í dag. Þar verður flutt H-moll messa eftir Johann Sebastian Bach.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU: FAGNAR 25 ÁRA STARFSAFMÆLI SÍNU Í ÁGÚST

Vantaði kórinn sem hljóðfæri

„Ég var að byrja sem organisti í Hallgrímskirkju og vantaði þetta hljóðfæri sem kórinn er til að hefja minn feril,“ segir Hörður Áskelson kórstjóri Mótettukórs Hallgrímskirkju um stofnun kórsins.

„Ég auglýsti eftir nýjum félögum og fékk mjög góða svör frá fólki á aldursbilinu 20-40 ára, en það var aldurstakmark kórsins. Við höfðum áheyrnarpróf og ekki leidd nema vika frá því þeim lauk þar til kórinn söng á sínum fyrstu tónleikum, sem var kannski svona frekar bratt,“ segir Hörður kím- inn og bætir því við að hlutverk kórsins á þeim tónleikum hafi þó ekki verið stórt.

Frá stofnun og til dagsins í dag hefur meðlimum Mótettukórsins fjölgað jafnt og þétt en nú, á tuttugu og fimm ára afmælinu, eru þeir rúmlega fimmtíu talsins.

„Fyrstu árin vorum við svona kringum þrjátíu til fjörutíu en nú hefur fjölgað,“ segir Hörður. „Stundum er reyndar kallaður út liðsauki eldri kórfélaga þegar við tökumst á við stór verkefni, til að mynda með Sinfóníu- hljómsveit Íslands, en þá geta jafnvel um áttatíu kórfélagar komið saman að syngja.“

Það mun vera alþjóðlegt vandamál kóra að erfiðara getur reynst að fá karla til liðs við þá, en í Mótettukór Hallgrímskirkju eru hlutföllin um fjórir karlar á móti sex konum sem þykir ágætt. Kórinn er jafnframt mjög öfl-

ugur og iðinn og af verkefnum er ætíð nóg að taka. Félagarnir halda reglulega utan til tónleikahalds og taka jafnframt þátt í erlendum listahátíðum.

„Stærstu ferðirnar sem við höfum farið til þessa eru Kanadaferð sem var farin fyrir nokkrum árum. Þá ferðuðumst við um gervallt Kanada í tvær vikur, frá strönd til strandar. Svo fórum við eitt sinn í mjög stóra Evrópuferð þar sem við tókum þátt í tónlistahátíð Vínarborgar, sungum í Bonn, Búdapest og víðar,“ segir Hörður.

Flutningur H-moll messu, BWV 232, eftir Bach er hluti af því að fagna að- arfórðungs afmæli kórsins, en að sögn Harðar er það eitt mest krefjandi kór- verk tónlistarsögunnar.

„Á kirkjulistahátíð, sem hófst nú á laugardaginn, eru að jafnaði flutt vel valin stórverk og þetta er tvímælaust það metnaðarfullsta, en H-moll messan, ásamt Matteusarpassíunni er talið helsta stórvirki Jóhannesar Sebastians Bachs, og er þar þó af nægu að taka. Hann samdi þessa messu við latneskan messutexta og tilgangurinn virðist hafa verið sá að sanna hvað hann væri fær tónskáld. Bach notaði þessa messu til að sækja um stöðuhækkanir eða ný störf og átti hún að sjá til þess að gata hans yrði greið.“

Þó að hann hafi sett þetta verk saman eru þó litlar líkur á því að hann hafi nokkurn tíma heyrt það flutt. Það eru í það minnsta ekki til neinar heimildir um það að verkið hafi verið flutt

á hans tímum.“

Hörður segir þetta verk Bachs, eina mestu áskoran sem kirkjulegur kór getur tekist á við og því hafi bæði hljómsveit og kórmeðlimir þurft að leggja einstaklega hart að sér við æfingarnar.

„Við fluttum þetta verk síðast árið 2000 en síðan þá hafa orðið miklar mannabreytingar í kórnum. Æfingar á verkinu hafa núna staðið frá páskaum, að undanskildu sumarfríi, en til þess að gulltryggja vinnufríð för kórinn meðal annars til Danmerkur í þrjá daga þar sem við dvöldumst við þrýðilegar að- stæður á herragarði skammt frá Kaupmannahöfn og æfðum af kappi.“

Það sem eykur á ánægju kórstjóra við flutning H-moll messunnar þetta árið, er að undirleikurinn verður á upprunaleg hljóðfæri, eða þau sömu og notuð voru á tímum tónskáldsins. Til þess er hingað kominn alþjóðleg hljómsveit sem kennir sig við Den Haag í Holland.

Hörður segir slíkan undirleik gefa verkinu annan blæ og fyrir aðdáendur Bach, eða kórtónlistar, er ekki annað að gera en að aka austur í Skálholt eftir vinnu og kanna hvort smekkur þeirra sé sá sami. Tónleikarnir hefjast klukkan sjö.

Einsöngvarar eru Monika Frimmer sópran, Robin Blaze kontratenór, Peter Kooij bassi og Gerd Türk tenór, en þau eru öll á meðal fremstu flytjenda barokktonlistar í heiminum í dag.

MERKISATBURÐIR

- 1900 Minnisvarði um Otto Wathne afhjúpaður á Seyðisfirði.
- 1908 Þýskur jarðfræðingur, Hans Reck, og Sigurður Sumarliðason bóndi ganga á Herðubreið á Mývatnsöræfum en hún var talin ókleif.
- 1928 Þýska sjóflugvélín Súlan við landhelgisgæslu og sildarleit fyrir norðan á vegum Flugfélags Íslands.
- 1935 Franska hafrannsóknarskipið Pourquoi pas? heldur frá Akureyri til Grænlands.
- 1950 Minningarhátíð um Jón biskup Arason haldin á Hólum í Hjaltaadal.

erum og verðum

ALLT AÐ ÖDYRARI

INTEL TÖLVUPAKKI 3



- Intel Core2Duo E6550 - 4MB
- 2GB 667MHz Dual DDR2
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 256MB Geforce 8600GT
- 19" Acer Widescreen skjár

119.950

AMD TÖLVUPAKKI 2



- AMD X2 Dualcore 5600+
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 320GB SATAII WD - 16MB
- 256MB Geforce 8500GT
- 19" Acer Widescreen skjár

99.950

ACER ASPIRE 5104WLM1



- 1.8Ghz AMD Turion64 X2 TL-56
- 1GB Dual DDR2 533MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- 384MB ATI X1300 PCI-E
- 15,4" CrystalBrite skjár

84.950

ACER ASPIRE 5720G



- 1.8Ghz Intel Core2 Duo T7100
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- 256MB ATI HD 2300 PCI-E
- 15,4" CrystalBrite skjár

104.950

INTEL ÖRGJÖRVI



Intel Core2 Duo E6550 Örgjörvi 2.33GHz 1333MHz FSB, 4MB cache oem

15.950

INTEL SLI MÓÐURBORÐ



MSI P6N SLI FI V2 er öflugt móðurborð frá MSI fyrir Intel örgjörva, 4xDDR2 800 4x SATA2, SLI, GB LAN ofl.

11.950

GEFORCE 8500GT



Geforce 8500GT, 490MHz core, 256MB DDR800MHz, styður DirectX 10, víftulaust DVI, TV-out ofl..

9.950

CORSAIR 2GB MINNI



Háhraða corsair XMS kit 800MHZ 2x1GB í pakka, lífstíðarábyrgð

9.950

FORTRON AFLGJAFI



Extra hljóðlátur, 400 watt mjög öflugur aflagjafi, 120MM Low noise vifta

4.950

ASPIRE TURNKASSI



Flottur turnkassi með gluggahlið og 2 kassa-viftum með ljósdíóðum, svartur, án aflagjafa

6.750

500GB HARÐUR DISKUR



hljóðlátur harðdiskur frá Western Digital, SATA2 með 16MB buffer

9.550

20X DVD SKRIFARI



Samsung S203B skrifar á 20X DVD og 16x DL DVD, tengist í SATA tengi, hugbúnaður fylgir

3.950

WD PASSPORT 2 120GB



Litill og nettur utaná-liggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúin til notkunnar.

10.950

WD MYBOOK 500GB



Glæsilegur utaná-liggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúin til notkunnar.

16.950

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

Þetta er mynd af tölvu og mynd af mynd.



Vantar þig auka-pening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjö hundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.



STUÐ MILLI STRÍÐA Sumar er hugarástand

ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR NEITAR PVÍ AÐ SUMARIÐ SÉ BÚIÐ STRAX EFTIR VERSLUNARMANNAHELGI



Verzlunarmannahelgin er liðin og eins og venjulega er fólk farið að tala um haustið. Af einhverjum undarlegum ástæðum höfum við Íslendingar nefnilega ákveðið að sumarið sé svona hér um bil búið um leið og verzlunarmannahelgin er liðin.

„Jæja þá er sumarið bara búið. Mikið er tíminn búinn að líða hratt,“ heyrst fólk segja á förnunum vegi og úr útvarpinu glymja auglýsingar um að haustvörurnar séu komnar í verkslanir.

Íslenska sumarið er stutt og samt erum við svo vitlaus að stytta það enn frekar með einhverju bölvuðu hausttali.

Á köldu landi eins og Íslandi snúast árstíðir um hugarfar. Við sjáum þetta vel á vorin þegar fólk hleypur út á stuttbuxunum um leið og sólin fer að glenna sig jafnvel þótt hitinn nái varla upp í tveggja stafa tölu. Þá erum við svo sannfærð um að sumarið sé komið að erlendir kappklæddir ferðamenn hlæja að okkur. Við þrömmum sæl og sumarleg í skrúðgöngu á sumardaginn fyrsta og fögnum langþráðri sumarkomu jafnvel þótt það snjó. Það væri ágætt ef við gætum haldið í þetta hugarástand aðeins lengur.

Ég veit ekki betur en ágúst sé næsthlýjasti mánuður ársins – samt byrjum við að tala um haustið um leið og hann gengur í garð. Vissulega bendir ýmislegt til þess

að sumri sé farið að halla. Skólarnir byrja innan skamms og það er farið að dimma á kvöldin. En lítum aðeins í kringum okkur. Sólin skín og allur gróður er í fullum blóma. Í sveitum landsins heyja bændur tún enda eru nú heyannir samkvæmt gamla tímatalinu og heilir tveir sumarmánuðir eftir. Sumarið er aðeins búið eftir verzlunarmannahelgi ef við sjálf viljum trúna því. Með sama sannfæringarkrafti má auðveldlega ákveða að það sé sumar langt fram í október. En það eiga Íslendingar erfitt með. Í október eru nefnilega komin jól. Búðirnar fyllast af jólas krauti og heims um ból ómar úr öllum áttum. Skelfing erum við rugluð þegar kemur að árstíðum.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





TÓNLIST Ung andlit félagnanna í Ásafold sem halda tvönnu tónleika í vikunni með tilstyrk VISA.

Ísafoldarinnrásin

Kammerhljómsveitin Ísafold var sett á stofn fyrir fáum árum til að gefa ungu íslensku tónlistarfólki sem hér dvaldi heima í sumarleyfum tækifæri til að koma saman og takast í hóp á við ný og eldri verk. Flestir þeirra hljóðfæraleikara sem starfa í þessari sumarsveit eru framúrskarandi tónlistarfólk sem hefur þegar hlotið margvíslegar viðurkenningar á listabrautinni, bæði í námi og á starfsferli á erlendri grund.

Í þessari viku heldur Ísafold tvönnu stórtónleika, 15. og 16. ágúst, miðvikudag og fimmtudag, í Langholtskirkju í Reykjavík og hefjast hlómleikarnir 20.30.

„Það er sífellt verið að tala um útrás íslenskra listamanna og því má segja að dæminu sé snúid við og þetta sé eins konar innrás þar sem flestir í hljómsveitinni búa og starfa erlendis og koma núna heim til að spila saman,“ segir Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri Ísafoldar. „Við erum nýkomin úr Skálholti þar sem við höldum tónleika og tókum upp plötu sem kemur út á næsta ári á vegum 12 Tóna. Við vorum svo heppin að hljóta menningarstyrk VISA 2007 sem gerir okkur kleift að halda tvönnu tónleika hér í Reykjavík. Við hlökkum mjög mikið til þessara tónleika.“

Nýtt verk fyrir Ísafold

Á efnisskránni verða tónlistarperlur

ur bæði úr fortíð og nútíð og meðal annars verður flutt nýtt verk eftir hljómsveitarstjórnann, Daníel Bjarnason. Verkið heitir Öll hljóð bíða þagnar og var samið sérstaklega fyrir Ísafold. Einleikarar verða þau Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari og Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari, ásamt tenór-söngvaranum Braga Bergþórs-syni.

Daníel Bjarnason lauk prófi í hljómsveitarstjórnun vorið 2007 frá Tónlistarháskólanum í Freiburg í Þýskalandi. Daníel hefur unnið jöfnum höndum sem hljómsveitarstjóri og tónskáld með ýmsum listamönnum og hljómsveitum, m.a. við Íslensku óperuna. Daníel er einn af stofnendum kammersveitarinnar Ísafoldar og hefur verið listrænn stjórnandi og hljómsveitarstjóri hennar frá upphafi. Hann var staðartónskáld Sumartónleika í Skálholti sumarið 2007 og var nýlega boðið að taka þátt í „Operagenesis“, verkefni Konunglegru óperunnar í Covent Garden, London.

Leiðandi

Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari stundaði framhaldsnám í Freiburg í Þýskalandi. Hún er fastur meðlimur Solistenensemble í Kaleidiskop í Berlin og Cammerata Dramatica, nýstofnuðum barokkhópi í Reykjavík. Hún hefur leikið

einleiks- og kammertónlist, m.a. í Þýskalandi, Danmörku, Japan og á Íslandi. Elfa býr og starfar í Berlín.

Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari hefur stundað háskólanám við Juilliard-listaháskólann í New York síðastliðin fimm ár. Hann hefur margt komið fram sem einleikari og kammertónlistarmaður heima og erlendis og tvívegis hlotið Íslensku tónlistarverðlaunin, sem Bjartasta vonin árið 2004 og Flytjandi ársins 2006.

Bragi Bergþórssón tenór-söngvari hóf söngnám í Tónlistarskólanum í Reykjavík hjá Dr. Þórunni Guðmundsdóttur en hélt síðan til framhaldsnáms við Guildhall School of Music and Drama í London þar sem hann naut handleiðslu Adrians Thompson og Rudolfs Piernay. Bragi lauk meistaraþráu árið 2005 og brautskráðist frá óperudeild skólans sumarið 2007.

Á efnisskránni verða auk verks Daníels Fratres eftir Arvo Pärt, þjóðlög eftir Britten, Ragtime eftir Stravinsky, Romance op. 48 eftir Saint Saëns, Pathétique-píanósónata Beethovens, og On Wenlock Edge eftir Vaughan Williams. Hljómsveitin heldur aðeins þessa tvönnu tónleika og er þegar uppselt á fyrri tónleikana.

Miðasala fer fram á www.midi.is og við innganginn.

pbb@frettabladid.is

EINSTAKUR VÍÐBURÐUR

KIRKJULISTAHÁTÍÐ

FESTIVAL OF SACRED ARTS

2007
11.–19. ágúst

MESSA Í H-MOLL
eftir J. S. BACH

HALLGRÍMSKIRKJU
11. ÁGÚST KL. 17
HALLGRÍMSKIRKJU
12. ÁGÚST KL. 19
SKÁLHOLTSKIRKJU
13. ÁGÚST KL. 19

FLYTJENDUR:
Monika Frimmer, Robin Blaze,
Peter Kooy og Gerd Türk.
Alþjóðlega barokksveitin í Haag
og Mótettukór Hallgrímskirkju.

MIÐAVERÐ:
4.900/3.600 kr.

STJÓRNANDI: Hörður Áskelsson.

KIRKJULISTAHÁTÍÐ HALLGRÍMSKIRKJU – SÍMI 510 1010 – MIÐASALA OPIN 9-20

„Ég vil lofsngja Þrottini“

Tónlistarnám fyrir þig!

tonheimar

popp blús djass sönglög

Dreymir þig um að geta spilað uppahaldslögin þín eftir eyranu á píanó eða raf-/kassagítar?

Skemmtilegt og hagnýtt nám sem hentar fólki á öllum aldri, jafnt byrjendum sem lengra komnum. Nemendur læra að spila eftir eyranu og bókstafs-hljómum og fá innsýn í tón- og hljómfræði.

- 4 ára og eldri
- Unglingar
- Fullorðnir
- Eldri borgarar
- Tónlistarkennarar
- Tónmenntakennarar

Nýtt!

- Partýgítar
- Leikskólagítar

Hautönn hefst 11. september

Innritun hafin

- Ný rytmísk námskrá!
- Netstuðningur í námi
- Tölvuupptökur (Garage band)

Nánari upplýsingar og skráning

- www.tonheimar.is og í síma 846 8888

tónheimar

Tónlistarnám fyrir þig!

Auglýsingasími

512 50 50



– Mest lesið

SO YOU THINK YOU CAN DANCE

VILT ÞÚ EIGA SJÓÐHEITAN DANSTÍMA MEÐ DAN KARATY?

Margverðlaunaður danshöfundur og einn af dómurum So You Think You Can Dance

DANSFESTIVAL DWC 25.-26. ÁGÚST

Dan Karaty kemur sérstaklega á vegum:

ÞAD HEITASTA FRÁ NEW YORK! EINUNGIS ÞESSA HELGI! 100% SKEMMTUN LOFAD!!!

Hefur hlotið American Dance Music Awards og MTV Awards, sem besti danshöfundurinn.

Danshöfundur m.a. Jessicu Simpson, Kylie Minogue og Britney Spears.

DANSGLEÐI með:

skemmtilegri KAUPPING IR Kristall plus GÓBUR OG SVALANDI OUTFITTERS NATION

NÁMSKEIÐIN ERU FYRIR ALLA! SKIPT Í BYRJENDA- OG FRAMHALDSHÓPA

DWC Danstúdíó World Class ÍGELANDS

Allar nánari upplýsingar í síma 553 0000 í World Class, Laugum. Sjá einnig www.worldclass.is

> VISSIR PÚ?

Listinn yfir fælmi eða fóbiur sem geta hrjáð mannfólkið er æði langur. Þar er að finna algengar fóbiur á borð við innilokunarótta eða ótta við köngulær. Hexakosioihexekonta-hexaphobia er væntanlega sjaldgæfari, en svo nefnist ótti við töluna 666.



fólk

folk@frettabladid.is

Leitað að nýjum Notorious BIG

Opnar áheyrnarprufur verða haldnar í Bandaríkjunum á næstunni til að finna hentugasta leikarann til að taka að sér hlutverk rapparans Notorious BIG sem var myrtur árið 1997. Undirbúningur kvikmyndarinnar hefur staðið yfir í rúm sjö ár en aðalframleiðandinn Wayne Barrow segir að ákveðið hafi verið að fara þessa leið þar sem enginn augljós kandidati í hlutverkið er fyrir hendi í Hollywood.

„Okkur dettur enginn í hug nema Forest Whitaker en það gengur varla upp þar sem hann er 46 ára,“ sagði Barrow, en þess má geta að Notorious var 24 ára gamall þegar hann lést. Þeir sem hafa áhuga á að spreyta sig í prufunum hafa fram á mánudag til að senda inn myndbandsupptöku af sjálfum sér til FOX-framleiðslufyrirtækisins. „Við töldum



NOTORIOUS BIG Hafði mikil áhrif á svarta tónlistarmenn í Bandaríkjunum á meðan hann lifði.

að þetta væri besta leiðin til að gefa einhverjum tækifæri til að stíga í skó Notorious og láta ameríska drauminn rætast.“

Notorious BIG hét réttu nafni Christopher Wallace og er talinn einn mesti áhrifamaður hip-hop tónlistar sem uppi hefur verið. Hann var myrtur í mars árið 1997.



FOREST WHITAKER Kom helst til greina í hlutverk Notorious en er tuttugu árum of gamall.



AMY WINEHOUSE Hún söng um meðferð í sínu fyrsta smáskífulagi og er nú loks sjálf farin í eina slíka.

Loks farin í meðferð

Amy Winehouse er loksins farin í meðferð en fyrsta smáskífan hennar fjallaði einmitt um það að allir væru að heimta að hún færi í meðferð. Söngkonan var flutt á spítala eftir að hafa tekið of stóran skammt af fíkniefnum en hún hefur hætt við eða sleppt því að mæta á fjöldan allan af tónleikum nýlega. „Sonur minn sagði

mér að hann hefði miklar áhyggjur af henni,“ sagði tengdafaðir Amy. „Hann játaði að þau drykkju bæði og tækju eitruþyr og það kom mér ekkert á óvart. Amy á erfitt núna bæði vegna vinnuálags en líka vegna drykkju og fíkniefnaneyslu. Hún verður að ná taki á sjálfri sér áður en það er um seina.“



SAMAN Á NÝ

Vilhjálmur bauð Kate á minningartónleikana um Díönu prinsessu í júní og þótt þau hafi ekki setið hlið við hlið fylgdist hún grannt með sínum manni. Talið er að í framhaldi af tónleikunum hafi neistinn á milli þeirra kviknað á ný, Elísabetu drottningu til lítillar gleði.



Kate ekki velkomin í konungshöllina

Þótt það hafi ekki verið formlega staðfest bendir flest til þess að Vilhjálmur prins og Kate Middleton hafi náð saman á ný eftir nokkurra vikna aðskilnað. En ekki eru allir sáttir við samband Vilhjálms og Kate.

Ensku slúðurblöðin fullyrða að Elísabet drottning sé ekki par ánægð með að Vilhjálmur hafi hafið samband við Kate á ný. Þó að hún kunnir vel við hina 25 ára gömlu þokkadís þá sé lífsstíll hennar og viðhorf ekki sámandi bresku hirðinni.

Eftir að Vilhjálmur og Kate slitu fjögurra ára sambandi sínu í apríl á þessu ári hefur hún verið dugleg við að fara út á lífið og segja þeir sem til hennar þekkja að hún geri í því að klæðast flegnum og djörfum kjólum fyrir framan paparazzi-ljósmyndarana. Mun það eingöngu hafa verið gert til að fanga athygli Vilhjálms og fá hann til að taka við henni á ný. Svo virðist sem Kate hafi tekist ætlunarverk sitt en fyrir skemmstu sást til hennar og Vilhjálms í innilegum atlotum.

Segja má að áætlun Kate um að ná í Vilhjálm aftur hafi gengið fullkomlega upp og segja þeir sem til hennar þekkja að það sé henni líkt. Kate sé þannig gerð að þegar hún ætli sér eitthvað stoppi hún ekki fyrr en því takmarki hefur verið náð. Hún sé gríðarlega einbeitt og metnaðarfull og þykir hún hafa staðið sig afar vel í starfi sínu hjá Jigsaw-fatalínni í London.

Þótt Kate hafi fengið ótalmörg gylliboð hefur hún aldrei veitt viðtal um samband sitt við Vilhjálm. Engar sögur af ástálfi hennar og prinsins hafa lekið til fjölmiðla og aldrei hefur hún látið óheppileg ummæli falla á opinberum vettvangi. En þrátt fyrir að virðast hreinlega pottþétt, herma götublöðin að Elísabet sé ekki sátt. Það sé einkum vegna reglulegra heimsóknna Kate á skemmtistaði Lundúna, þaðan sem hún fer sjaldan snemma heim. Vill Elísabet með engu móti að Vilhjálmur taki upp slíka lífs-hætti, enda hafi uppátæki bróður hans, Harrys, haft nægilega slæm áhrif á orðspor bresku hirðarinnar. Þá telur Elísabet að fyrst að Vilhjálmur og Kate hafi hætt einu sinni saman – sé ekkert því til fyrirstöðu að það gerist aftur.

THE BODY SHOP

Við fögnum með 20% afslætti

Í dag, þann 13. ágúst 2007, er Kringlan 20 ára.

Við fögnum þeim merka áfanga og gefum 20 prósentu afslátt af öllum vörum í verslun okkar í Kringlunni, einungis í dag.




KRINGLUNNI

VIÐ ÞÖKKUM SAMSTARFSADILUM OKKAR
FYRIR AÐ FÆRA ÁSKRIFENDUM SÝNAR 2
UM LAND ALLT ENSKA BOLTANN



BOLTINN



SÝNAR 2
enski boltinn

Nýtt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁSBÍÓ

PEIRRA STRÍÐ. OKKAR HEIMUR.

TRANSFORMERS

FRÁ MICHAEL BAY OG STEVEN SPIELBERG

POVARTSINGI KL. 10

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

TRANSFORMERS	kl. 4, 7 og 10-POWER	10
PLANET TERROR	kl. 8 og 10.20	16
SIMPSONS enskt tal	kl. 4, 6, 8 og 10	L
SIMPSONS íslenskt tal	kl. 4 og 6	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á **midí.is**

NÝTT Í BÍÓ!

EIN BESTA ÁSTARSAGA ALLRA TÍMA BYGGÐ Á ÆVI RITHÓFUNDARINS JANE AUSTEN.

TRANSFORMERS

PEIRRA STRÍÐ. OKKAR HEIMUR.

LÚXUS

Sýnd í

BECOMING JANE

BAKVIÐ ALLAR GÓÐAR ÁSTARMYNDIR ER FRÁBÆR SAGA

PLANET TERROR

BRUCE WILLIS
ROSE MCGOWAN
FERGIE
MICHAEL BIEHN
JEFF FAHEY

MÓVIE

STEFAN BRIGIR STEFANSSON

EVAN ALMIGHTY

DEATH PROOF

DIE HARD 4.0

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000		REGNBÖGINN SÍMI 551 9000		
TRANSFORMERS	kl. 5-8-11	7	BECOMING JANE	kl. 5.30-8-10.30
TRANSFORMERS LÚXUS	kl. 5-8-11		PLANET TERROR	kl. 5.20-8-10.20
THE SIMPSONS MOVIE ENSK T. TAL.	kl. 4-6-8-10		THE SIMPSONS MOVIE ENSK T. TAL.	kl. 6.30-8.30-10.30
THE SIMPSONS MOVIE ISL. TAL.	kl. 4-6-8-10		DEATH PROOF	kl. 5.20-10
EVAN ALMIGHTY	kl. 4-6		1408	kl. 8
DIE HARD 4.0	kl. 8-10.45	14		

450 kr. í bíó!

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919		BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500		
TRANSFORMERS	kl. 6-9	7	PLANET TERROR	kl. 10
THE SIMPSONS MOVIE ENSK T. TAL.	kl. 8		THE SIMPSONS MOVIE ENSK T. TAL.	kl. 6-8-10
THE SIMPSONS MYNDIN ISL. TAL.	kl. 6		THE SIMPSONS MYNDIN ISL. TAL.	kl. 6
DEATH PROOF	kl. 10	16	THE INVISIBLE	kl. 8

MIDASALA Á **midí.is**

SAM BÍÓ www.SAMbio.is t 575 8900 **midí.is**

STÆRSTA MYND SUMARSINS

DIGITAL mynd og hljóðgæði

PEIRRA STRÍÐ. OKKAR HEIMUR

TRANSFORMERS

FRÁ MICHAEL BAY OG STEVEN SPIELBERG

HJ. MBL **DREW**

Georgia Rules

ALFABAKKA			KRINGLUNNI		
TRANSFORMERS	kl. 2-5-8-11	DIGITAL	TRANSFORMERS	kl. 4-7-10	DIGITAL
TRANSFORMERS	kl. 2-5-8-11	VIP	NANCY DREW	kl. 5:50-8	
NANCY DREW	kl. 6-8-10-10:20		GEORGIA RULES	kl. 10:10	
GEORGIA RULES	kl. 5:30-8-10:30		HARRY POTTER 5	kl. 4-7	
HARRY POTTER 5	kl. 2-5-8-11		SHREK 3 M/ISL. TAL.	kl. 4	L
EVAN ALMIGHTY	kl. 2	L	TRANSFORMERS	kl. 6-9	7
BLIND DATING	kl. 4	10	TRANSFORMERS	kl. 8-10	7
SHREK 3 M/ISL. TAL.	kl. 2-4-6	L	SIMPSONS M/ENSK. TAL.	kl. 6	L
SHREK 3 M/ENSK. TAL.	kl. 8	L			
OCEAN'S 13	kl. 10:10	7			
ROBINSON... ISL. TAL.	kl. 2	L	TRANSFORMERS	kl. 6-9	10
TRANSFORMERS	kl. 6:45-9:20	7	HARRY POTTER 5	kl. 6	10
SIMPSONS ENSK. TAL.	kl. 7-9	L	NANCY DREW	kl. 9	7

Gísli hættur í Changer

Bassaleikarinn Gísli Sigmundsson hefur ákveðið að hætta í þungarokkssveitinni Changer. „Þetta var bara tónlistarlegur ágreiningur. Við vorum ekki sammála um hvaða tegund þungarokks við ættum að spila, þannig að það var einfaldast að þeir fyndu einhvern sem væri á sömu blaðsíðu og þeir. Við erum allir vinir ennþá,“ segir Gísli.

Síðustu tónleikar Gísla með Changer verða í Reykjavík dagana 25. og 26. ágúst þegar sveitin hitar

upp grísku rokkarana í Rotten Christ. Ekki hefur verið ákveðið hver tekur við af Gísla á bassanum. Sjálfur segist hann ekki vera búinn að ákveða næstu skref í tónlistinni.

Changer var stofnuð árið 1999 og gekk Gísli til liðs við sveitina árið 2005. Hann hafði áður getið sér gott orð sem bassaleikari Sororicide, sem vann Músíktíraunir Tónabæjar árið 1991 undir nafninu Infusoria.



CHANGER Hljómsveitin Changer hefur misst bassaleikara sinn, Gísla Sigmundsson.

Minningu Elvis haldið á lofti

Þrjátíu ár verða liðin á miðvikudag frá því að rokkkóngurinn Elvis Presley fannst látinn og verður þessa minnst víða um heim.

Búist er við yfir fimmtíu þúsund aðdáendum söngvarans goðsagna-kennda til Memphis en þar fer fram minningarvika um Kónginn. Sérstök kertastund verður á heimili söngvarans í Graceland auk þess sem fyrrverandi eiginkona Presleys, Priscilla, og hljómsveitarmeðlimir úr hljómsveit goðsins koma fram á sérstökum minningartónleikum en uppselt er á þá fyrir löngu.

Þá verður jafnframt blásið til Elvis Presley-eftirhermueppni en slíkir viðburðir hafa löngum verið þyrnir í augum forsvarsmanna Graceland-safnsins. „Eftirhermurnar hafa verið af öllum stærðum og gerðum og frá öllum löndum en forsvarsmenn Grace-



ÞRJÁTÍU ÁR LIÐINN Elvis Presley er án nokkurs vafa eitt stærsta nafn rokk sögunnar.

land hafa aldrei viðurkennt þetta og fundist þessar eftirhermur kasta rýrd á minningu Presleys. Nú hafa þeir skipt um skoðun og telja að fyrst þetta sé til á annað borð sé eins gott að hafa stjórn á þessu,“ sagði Joe Moscheo en hann lék með Kónginum í Vegas og situr í dómnefndi áður nefndri keppni.

En það er ekki bara vagg og velta sem ræður ríkjum í Memphis því fjölmörg fyrirtæki minnst andláts Presleys á sinn hátt. Matvælaframleiðandinn Hershey ætlar að framleiða sérstaka við-

hafnarútgáfu af banana-hnetusmjöri enda þótti Elvis fátt betra en hnetusmjörs- og bananasamlokur. Vafalaust veur uppboðið á Knabe-píanóinu sem var í Graceland á árunum 1957 til 1969 mesta athygli, en talið er að það gæti selst á tvær milljónir dollara eða rúmar 130 milljónir íslenskra króna.

Elvis Presley lést á heimili sínu árið 1977, aðeins fjórtíu og tveggja ára að aldri. Hann var þá háður sterkum verkjalyfjum og skyndibitaefði.



PRISCILLA Kemur fram á minningartónleikum um Kónginn.

Rólelegheit frá Sandgerði

Hljómsveitin Klassart er borin uppí af systkininum Smára og Fríðu Dís Guðmundsbörnum frá Sandgerði. Smári semur bróðurpartinn af lögunum og spilar á ýmis hljóðfæri, mest þó á gítarinn, en Fríða syngur og semur nokkra af textunum. Hljómsveitin byrjaði sem dúó þeirra systkina, en er í dag sex manna.

Klassart hefur starfað í nokkur ár, en vakti fyrst athygli þegar hún sigraði í blúslagakeppni Rásar 2 í fyrra með laginu Bottle Of Blues, en það er titillag þessarar fyrstu plötu þeirra.

Tónlistin á Bottle Of Blues er blús og kántrískotíð rokk í rólegri kantinum. Hún minnir stundum á Noruh Jones eða Cowboy Junkies, en líka á Tom Waits á Asylum-tímabilinu á áttunda áratugnum. Öll lögin nú á plötunni eru frumsamin, nema lagið Örlagablús sem er eftir Waits með íslenskum texta eftir Baggalútinn Braga Valdimar Skúlason.

Það er ekki verið að finna upp hjólið á Bottle Of Blues, en það sem

gerir plötuna jafn góða og raun ber vitni eru finar lagasmíðar, flottar útsetningar, óaðfinnanlegur hljóðfærleikur og söngur Fríðu sem hefur mjög fallega rödd sem hún beitir á seiddandi, en afslappaðan hátt. Hljómurinn er líka góður þannig að platan er á sinn hátt eiginlega fullkomin.

Það er mjög sterkur heildarsvipur á Bottle Of Blues. Lögin eru öll í sama rólega taktinum, en útsetningarnar gefa þeim karakter. Í sumum lögunum er t.d. orgel, í öðrum píanó, sumstaðar er kontrabassi, annars staðar slæd-gítar... Í laginu Mrs. Jones er trommunum sleppt, en rafmagnsgítarinn og munnharpan í aðalhlutverki. Mjög flott. Það eru reyndar engin aukvar sem sjá um hljóðfærleikinn, Guðmundur Pétursson gítarhetja og Sigurður H. Guðmundsson hljómborðsleikari Hjálma og fleiri.

Á heildina titið er þetta einstaklega vel heppnuð frumraun frá hljómsveit sem gaman verður að fylgjast með í framtíðinni.



Trausti Júlíusson

TÓNLIST

Bottle of Blues

Klassart

★★★★

Einstaklega vel heppnuð frumraun sem ætti að falla í kramið hjá aðdáendum Noruh Jones, Cowboy Junkies og Tom Waits.

2 fyrir 1
í bíó



Námufélagar fá tvo miða á verði eins í Smárabíó, Regnboganum, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri mánudaga til fimmtudaga ef þeir greiða með nýja Námukortinu í gallabuxnaútlitinu.

Tilboðið gildir hvorki í lúxus-
sal né á íslenskar myndir.



DELL MÆLIR MEÐ WINDOWS VISTA™ HOME PREMIUM

VIÐ KYNNUM NÝJA DELL INSPIRON FARTÖLVU – LITRÍKT ÚRVAL



NÝ INSPIRON™ 1520

8 MISMUNANDI LITIR

HD SKJÁR

MEDIADIRECT

**INNBYGGÐ
2,0 MEGAPIXLA
VEFMYNDAVÉL**

WI-FI CATCHER™

VELDU PINN LIT!



**INSPIRON 1520 KOSTAR 129.900,-
eða 4.969,- á mánuði** (miðað við 36 mánuði)

- Intel Core 2 Duo örgjörvi T5250
- 1,50GHz, 667MHz FSB, 2MB L2 Cache
- 2GB 667MHz Dual Channel DDR2 vinnsluminni (2x1024)
- 15,4" Widescreen WXGA+ (1440x900) TrueLife skjár
- Innbyggð 2,0 megapixla myndavél
- 256MB nVidia GeForce Go 8600M GT skjá kort
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- 8X DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði
- Windows Vista Home Premium
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Dual Core örgjörvi og 15,4" WideScreen skjár gerir það að verkum að Inspiron 1520 hentar vel í hverskonar margmiðlun og tölvuleiki. Inspiron 1520 fæst í 8 litum og því átt þú að geta fundið eina sem passar þér. Snjöll og einföld, ef þú leitar að gæðafartölvu er Inspiron 1520 tölvan fyrir þig.



Dell, vörumerkið Dell, Inspiron, UltraSharp, TrueLife og TrueMobile eru vörumerki í eigu Dell Inc. Intel, Pentium og Core eru skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og öðrum löndum. Microsoft, Windows og Windows Vista eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Önnur nöfn eða vörumerki sem vísað er til í þessari auglýsingu geta verið í eigu annarra. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra.

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

EJS 
www.ejs.is

> Sögur á sögur ofan um Eið

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær eru viðræður hafnar á milli West Ham og Eiðs Smára Guðjohnsen. Breska blaðið Guardian hefur eftir innanbúðarmanni hjá Barcelona að Eiður vilji biða og sjá hvort hann fái tækifæri á Nou Camp en gæti aftur á móti farið til West Ham í janúar. „Hann hefur ákveðið að vera hér áfram. Hann elskar lífsstílinn hérna, hann er með unga fjölskyldu og á snoturt hús. En þegar hann áttar sig á því að hann mun fá takmarkað mikið að spila held ég að hann fari til West Ham,“ segir í grein Guardian um landsliðsfyrirliðann.



sport
sport@frettabladid.is

VISA-BIKAR KARLA Í KVÖLD: FH SÆKIR VALSMENN HEIM Í HEFNDARHUG OG FJÖLNIR OG HAUKAR MÆTAST

FH-ingar verða ekki jafn gjafmildir núna

Valur er eina liðið sem hefur unnið Íslandsmeistara FH í sumar. Það gerðu Hlíðarendapítar í Landsbankadeildinni í lok júní þegar þeir skoruðu fjögur mörk gegn einu FH-inga. Liðin mætast aftur á Laugardalsvelli í kvöld í átta liða úrslitum VISA-bikarsins.

„Þetta er eins og hver annar leikur. Það gekk vel þá, við pressuðum stíft og fengum góð mörk í upphafi leiks. Það kæmi mér mjög á óvart ef FH-ingar verða jafn gjafmildir í þessum leik,“ segir Atli Sveinn Þórarinnsson, fyrirliði Vals. FH spilaði líklega sinn lélegasta leik í sumar þá og má búast við þeim frískari í kvöld.



„Þeir mættu ekki tilbúnir til leiks síðast en þeir verða tilbúnir núna. Við verðum það líka þannig að það er skemmtilegur leikur framundan. Bæði lið munu líklega pressa, þau vilja bæði spila fótbolta og því er von á hörkuleik,“ sagði Atli og bætti við að bikarkeppnin væri auka gulrót í sumrinu. Hann benti jafnframt á þann skemmtilega sjarma sem keppnin hefur en liðin í efstu deild þurfa aðeins að vinna fjóra leiki til að verða bikarmeistarar.

„Hver leikur er úrslitaleikur og við gerum okkur því grein fyrir mikilvægi hans,“ segir Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH um leikinn. Hann segir einnig að

Hafnfirðingar séu ekki í neinum sérstökum hefndarhug heldur fari þeir inn í þennan leik eins og alla aðra, með það að markmiði að vinna.

„Deildarleikurinn var upprúllun af þeirra hálfu og við vitum hvað við gerðum rangt þar og við ætlum ekki að gera það aftur,“ sagði Ólafur.

Í Grafarvoginum mætast svo 1. deildarliði Fjölnis og 2. deildarliði Hauka. Því er ljóst að neðrideildarliði verður í undanúrslitum bikarsins að þessu sinni og er ljóst að bikarkeppnin er orðin stór hluti af sumri liðanna. Fjölnir er í þriðja sæti 1. deildarinnar og þykir hafa spilað góðan og skemmtilegan sóknarbolta í sumar, þó ofi á kostnað varnarinnar. Haukar eru í efsta sæti í 2. deildinni og lagði Fram í 16-liða úrslitunum eftir vítaspyrnukeppni.



SIGMUNDUR EINAR Var í liði GKJG sem varð meistari. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR


Sveitakeppnin í golfi:

GKG og Kjölur urðu meistarar

GOLF Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar tryggði sér Íslandsmeistararitilinn í 1. deild karla í sveitakeppninni í golfi í gær. GKG vann Keili í úrslitaleiknum í Vestmannaeyjum en Kjölur varð í þriðja sæti. GSE og GA féllu í 2. deild en Leynir frá Akranesi og Nesklúbburinn komust upp um deild.

Sveit GKG skipuðu Birgir Leifur Hafþórsson, Sigmundur Einar Mátsson, Brynjólfur Sigmarsson, Guðjón Hilmarsson, Kjartan Dór Kjartansson, Ottó Sigurðsson, Starkaður Sigurðsson og Valgeir Tómasson.

Kjölur varð Íslandsmeistari í kvennaflokki eftir sigur á GR. Keilir lauk keppni í þriðja sæti og GA í því fjórða en leikið var á Akureyri. Í sveit Kjalar voru Guðríður Sveinsdóttir, Katrín Dögg Hilmarisdóttir, Helga Rut Svanbergisdóttir, Nina Björk Geirsdóttir og Snæfríður Magnúsdóttir. - hph



ARNAR Ber höfuð og herðar yfir aðra í tennis á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Arnar Sigurðsson:

Íslandsmeistari ellefta árið í röð

TENNIS Arnar Sigurðsson sannaði enn einu sinni að hann er langbesti tennisleikari sem Ísland á í dag. Arnar varð Íslandsmeistari ellefta árið í röð þegar hann vann Raj Bonifacius örugglega í tveimur settum í úrslitaleik í gær, 6-3 og 6-1.

Soumia Islami vann að sama skapi öruggan sigur á Söndru Dís Kristjánsdóttur, 6-0 og 6-1, og varð Íslandsmeistari kvenna í annað skipti. - hph

Blikar of sterkir fyrir bikarmeistarana

Breiðablik vann Keflavík öðru sinni á fjórum dögum þegar liðin mættust í átta liða úrslitum VISA-bikarsins í Kópavogi. Blikar unnu 3-1 og bikarvörn Keflavíkur er þar með á enda.

FÓTBOLTI Breiðablik er heitasta fót-boltaíð landsins í dag. Það sönnuðu Blikar í gær þegar þeir slógu bikarmeistara Keflavíkur úr VISA-bikar-arnum á sannfærandi hátt. Lokatöl-ur 3-1 og Blikar komnir í undanúrslit.

Aðstæður í gær voru allt aðrar en í Keflavík á fimmtudag þar sem völlum var á floti. Í Kópavogi var sól og völlum skartaði sínu fegursta. Keflvíkingar neyddust til að gera breytingar á varnarleik sínum og bakvörðurinn Guðjón Árni fór í miðvörðinn og Einar Orri Einarsson kom í bakvörðinn í hans stað. Hjá Blikum var Olgeir Sigurgeirsson kominn á miðjuna í stað Petrovic.

Blikarnir voru sterkari frá upphafi, unnu miðjuna og stýrðu leiknum en Keflvíkingar bökkuðu og reyndu að sækja hratt. Gunnar Örn Jónsson fór mikinn í fyrri hálfleik



GÓÐUR Prince Rajcomcar átti góðan leik í gær og skoraði meðal annars laglegt mark. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



ALLTAF Á UNÐAN Arnar Grétarsson er hér á undan Þórnari Brynjari Kristjánssyni í leiknum í gær. Blikar voru alltaf skrefinu á undan Keflvíkingum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

og fiflaði Einar Orri hvað eftir annað. Miðverðir Keflavíkur stóðu vaktina betur og Blikar fengu í raun engin opin færi en Simun fékk dauðafæri hinum megin sem hann nýtti illa.

Markalaust í leikhliði en Blikar tóku forystuna á 62. mínútu þegar Árni Kristinn Gunnarsson skallaði hornspyrnu Arnars Grétarssonar laglega í markið. Keflvíkingar gerðu tvöfalda skiptingu á 72. mínútu en það breytti litlu því tveim mínútum síðar kom Prince Rajcom-

ar Blikum í 2-0 þegar hann sólaði Guðjón Árna upp úr skónum og lagði boltann laglega í netið í þröngu færi. Frábært mark.

Martröð bikarmeistaranna var síðan fullkomnuð á 84. mínútu þegar Mývetningurinn Baldur Sigurðsson skoraði sjálfsmark. Pétur Heiðar Kristjánsson klóraði í bakkann tveim mínútum síðar og þar við sat.

Blikar spiluðu skínandi fótbolta enn eina ferðina og sjálfstraustið geislar af hverjum einasta leik-

manni liðsins. Blikar hafa gríðarlega trú á því sem þeir eru að gera. Leikmenn eru mjög hreyfanlegir og liðið er orðið illviðráðanlegt þar sem hinn magnaði Prince er byrjaður að skora í hverjum leik. Blikar eru sjóðheitir og geta lagt hvaða lið sem er að velli eins og þeir eru að spila í dag.

„Við vorum betri í þessum leik. Við vorum þolinmóðir, treystum á okkar leikskipulag og það gekk eftir. Eina sem ég var ósáttur við var að fá þetta mark á okkur,“ sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika.

„Sjálfsstraustið er mikið þessa dagana og við erum búnir að spila þennan bolta síðan í undirbúningi fyrir mótið og það er að skila sér. Við erum á finni siglingu en töpum okkur ekkert og þurfum að huga strax að næsta leik gegn Val. Markmiðin eru þau sömu og fyrir mót. Við ætlum okkur að vera í fjórða sæti eða ofar í deildinni sem og að komast lengra í þessari keppni.“

Það hefur algjörlega fjarð undan leik Keflavíkur síðustu vikur og liðið hefur misst allt sjálfstraust. Hinir beinskeyttu vængmenn liðsins eru ekki nema skugginn af sjálfum sér líft og sóknarmennirnir. Þjálfarinn Kristján Guðmundsson á verk fyrir höndum að koma liðinu aftur í stand.

„Þetta er mjög fúlt. Tvö töl fyrir Blikum og sex mörk. Það eru of mörg skörð högginn í okkar lið þessa dagana. Sjálfstraustið er greinilega farið og það er erfitt að finna það aftur,“ sagði Kristján þungur á brún. henry@frettabladid.is

Fylkismenn bundu enda á sigurgöngu Guðjóns Þórðarsonar í bikarkeppninni:

Halldór tryggði sigurinn í framhenginu

FÓTBOLTI Halldór Arnar Hilmisson skoraði tvívegis í framhenginu leiks Fylkis og ÍA í síðari hálfleik og tryggði fyrrnefnda liðinu sæti í undanúrslitum bikarkeppni karla. Staðan í lok venjulegs leiktíma var 1-1.

Fylkismenn komust yfir snemma leiks er bakvörður ÍA, Guðjón Heiðar Sveinsson, varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark. Christian Christiansen átti þá skot að marki og ætlaði Guðjón Heiðar að hreinsa í hornspyrnu en skaut þess í stað í eigið mark af stuttu færi.

Sem fyrr stillti Guðjón Þórðarson þjálfari ÍA upp mjög svo varnarsinnuðu liði og breytti hann ekkert um leikaferð þrátt fyrir að hans menn lentu undir svo snemma leiks. Fyrir vikið gerðist ekki mikið fyrst um sinn er Fylkismenn voru að þreifa sig áfram gegn sterkum varnarmúr gestanna.

Hægt og rólega tókst þó Fylkismönnum að brjóta sér leið að marki ÍA og fengu þeir tvö góð skallafæri eftir hornspyrnu sem þeir hefðu átt að nýta betur. Skagamenn fengu fá færi en tókst þó að jafna metin á 41. mínútu. Þeim var dæmd aukaspyrna við hornfánann og eftir kræf í teignum barst boltinn á Björn Bergmann sem skaut í gegnum þvöguna og inn í mark heimamanna.

Fram að jöfnunarmarkinu höfðu Fylkismenn góð tók á leiknum. En með því að hleypa

ÍA aftur í leikinn virtust þeir einfaldlega slegnir út af laginu. ÍA byrjaði mun betur í síðari hálfleik og fékk betri færi í upphafi hálfleiksins án þess þó að nýta sér þau.

Jafnræði var með liðunum eftir því sem á leið og liðin reyndu að beita hröðum sóknunum. Skagamenn virtust þó öllu beittari og sóknarmenn Fylkis langt frá því að sýna sömu grimmd í sínum aðgerðum og þeir gerðu fyrir jöfnunarmark ÍA.

Fylkismenn hófu þó framhenginguna betur og komu sér fljótlega í nokkur hálfæri. Í þetta sinn létu þér kné fylgja kviði og á 99. mínútu komst Fylkir yfir á nýjan leik. Albert Ingason tók laglega rispu með endalínunni og lagði boltann fyrir markið þar sem Halldór þrumaði knettinum í netið.

Halldór innsiglaði svo sigurinn með marki á 116. mínútu en hann fékk stungusendingu inn fyrir vörn ÍA. Hann lék á einn varnarmann ÍA og rúllaði boltanum í netið. Þar með var ljóst að langri sigurgöngu Guðjóns Þórðarsonar, þjálfara ÍA, í bikarkeppninni var lokið en hann hafði stýrt íslenskum liðum til sigurs í keppninni í síðustu 20 leikjum sínum.

„Jú, það var mjög sætt að vinna þennan leik,“ sagði Halldór, markahetja Fylkis. „Þetta var einfaldlega mikill baráttuleikur sem við náðum að klára. Við fengum nokkur góð færi í fyrri



MARKAHRÓKUR Halldór Hilmisson skoraði tvö mörk í framhenginu og tryggði Fylkismenn áfram í bikarkeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hálfleik og hefðum getað verið nokkrum mörkum yfir. En þeir voru svo betri í seinni hálfleik en í þeim fyrri og leikurinn var því jafn. Við vorum hins vegar ákveðnir í því að halda ótrauðir áfram en þeir bara sprungu á því. - esá

Allt fyrir skólann í einni ferð!



Satellite Pro A200-1KQ

Örgjörvi:	Intel Core Duo T2130/1.86 GHz
Vinnsluminni:	2048MB 667MHz DDR2
Skjær:	15,4" TrueBrite WXGA 1280 x 800
Skjástýring:	Intel GMA 900GML
Harður diskur:	200GB, S.M.A.R.T
Skrifari:	8x DVD±RW Super Multi
Netkort:	10/100 netkort & 56k v.90 modem
Þráðlaust netkort:	802.11 b/g
Vefmyndavél:	Nei
Mús:	Snertimús
Stýrikerfi:	Windows VISTA Business
Ábyrgð:	2 ár

Vörunúmer: TOSA2001KQ

TOSHIBA

**Aðeins
89.900** kr./stgr.



Satellite Pro A200-1A5

Örgjörvi:	Intel Core 2 Duo T7100P/1.8 GHz
Vinnsluminni:	1024MB 667MHz DDR2
Skjær:	15,4" TrueBrite WXGA 1280 x 800
Skjástýring:	Intel GMA 965 Crestline
Harður diskur:	120GB, S.M.A.R.T
Skrifari:	8x DVD±RW Super Multi
Netkort:	10/100 netkort & 56k v.90 modem
Þráðlaust netkort:	802.11 b/g
Vefmyndavél:	1,3Mp vefmyndavél
Mús:	Snertimús
Stýrikerfi:	Windows VISTA Business
Ábyrgð:	2 ár

Vörunúmer: TOSA2001A5

TOSHIBA

**Aðeins
99.900** kr./stgr.



Pavilion DV6317EU

Örgjörvi:	AMD Turion 64 X2 TL-52 /1.6 GHz
Vinnsluminni:	1024MB 667MHz DDR2
Skjær:	15,4" Brightview WXGA 1280 x 800
Skjástýring:	Nvidia GeForce Go 6150
Harður diskur:	120GB SATA 5400rpm
Skrifari:	8x DVD±RW Super Multi
Netkort:	10/100 netkort & 56k v.90 modem
Þráðlaust netkort:	802.11 b/g
Vefmyndavél:	Nei
Mús:	Snertimús
Stýrikerfi:	Windows VISTA Home Premium
Ábyrgð:	2 ár

Vörunúmer: HPGH789EA

hp
invent

**Aðeins
99.900** kr./stgr.



Pavilion DV6331EU

Örgjörvi:	AMD Turion 64 X2 TL-56 / 1.8 GHz
Vinnsluminni:	2048MB DDR2
Skjær:	15,4" Brightview WXGA 1280 x 800
Skjástýring:	Nvidia GeForce Go 7200
Harður diskur:	160GB SATA 5400rpm
Skrifari:	8x DVD±RW Super Multi
Netkort:	10/100 netkort & 56k v.90 modem
Þráðlaust netkort:	802.11 b/g
Vefmyndavél:	1,3Mp vefmyndavél
Mús:	Snertimús
Stýrikerfi:	Windows VISTA Home Premium
Ábyrgð:	2 ár

Vörunúmer: HPGH783EA

hp
invent

**Aðeins
119.900** kr./stgr.



DDI

SKRIFSTOFUVÖRUR

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Sími 515 5105
Opíð virka daga kl. 8-18

Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opíð virka daga
kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-14

Glerárgötu 34 • Akureyri
Sími 515 5160
Opíð virka daga kl. 8-18

ÚRSLIT GÆRDAGS

Enska úrvalsdeildin:

Arsenal-Fulham	2-1
0-1 Davíd Healy (1.), 1-1 Robin van Persie (83. - viti), 2-1 Alexander Hleb (90.)	
Chelsea-Birmingham	3-2
0-1 Mikael Forssell (15.), 1-1 Claudio Pizarro (18.), 2-1 Florent Malouda (31.), 2-2 Oliver Kapo (36.), 3-2 Michael Essien (50.)	
Manchester United-Reading	0-0
Ivar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson léku báðir allan leikinn fyrir Reading.	

Skoska úrvalsdeildin:

Aberdeen-Hearts	1-1
Eggert Jónsson lék allan leikinn fyrir Hearts.	

Danska 1. deildin:

Sonderjylland-Silkeborg	2-2
Hólmar Örn Rúnarsson kom inn á sem varamaður á 63. mínútu fyrir Silkeborg, líkt og Hörður Sveinsson sem kom inn á á 80. mínútu.	

Norska úrvalsdeildin:

Ålasund-Ódd Grenland	2-1
Haraldur Freyr Guðmundsson spilaði allan leikinn fyrir Ålasund.	
Stromsgodset-Vålerenga	1-2
Árni Gautur Arason varði mark Vålerenga.	
Viking-Fredrikstad	2-2
Hannes P. Sigurðsson kom inn á hjá Viking á 76. mínútu en Birkir Bjarnason sat allan tímann á varamannabeknum. Gardar Jóhannsson var í byrjunarliði Fredrikstad en var tekinn af velli eftir 63. mínútu.	
Lyn-Lillestrom	0-4
Indriði Sigurðsson var ekki í leikmannahópi Lyn.	

Sænska úrvalsdeildin:

GAIS-Helsingborg	0-3
Enginn Íslendingur kom við sögu í leiknum, hvorki Eyjólfur Héðinsson eða Jóhann B. Guðmundsson hjá GAIS eða Ólafur Ingi Skúlason hjá Helsingborg.	

Pýska úrvalsdeildin:

Dortmund-Duisburg	1-3
Nurnberg-Karlsruhe	0-2



UMKRINGDUR Wayne Rooney kemst lítt áfram gegn þéttri vörn Reading. NORDICPHOTOS/AFP

Meistararnir misstigu sig

Ivar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson spiluðu báðir allan leikinn fyrir Reading sem gerði góða ferð á Old Trafford í gær. Englandsmeistararnir í Manchester United náðu ekki að skora og markalaust jafntefli varð niðurstaðan.

FÓTBOLTI Titilvörn Manchester United byrjaði ekki sem skyldi. Liðið náði aðeins markalausum jafntefli gegn Reading á heimavelli sínum í gær en þrátt fyrir mýmörg marktækifæri var þeim gjörsamlega fyrirmunnað að skora.

United varð fyrir áfalli þegar Wayne Rooney þurfti að fara meiddur af leikvelli í hálfleik. „Missirinn í Wayne var augljós. Ef hann hefði verið inni á vellinum allan leikinn held ég að við hefðum unnið leikinn,“ sagði Sir Alex Ferguson eftir leikinn. Rooney brákaði bein í fæti sínum og verður væntanlega frá keppni í nokkrar vikur.

United spilaði manni yfir síðustu sautján mínúturnar. Marcus Hahnemann, markmaður gestanna, var uppteknasti maður leiksins. „Að vera manni færri en halda



NIÐUR MEÐ PIG Ivar Ingimarsson ýtir Wayne Rooney í grasið í gær. Ivar stjórnaði vörn Reading af miklum myndarskap. NORDICPHOTOS/GETTY

samt hreinu voru frábær úrslit fyrir okkur. Þeir eru með marga leikmenn, sex eða sjö, sem eru í algjörum heimsklassa,“ sagði markmaðurinn kátur.

Ferguson sá eftir öllum færnum sem fóru forgörðum. „Við byrjuðum að fá alvöru færi í síðari hálfleik. Þau voru mörg hver góð en við bara náðum ekki að nýta þau,“ sagði stjórinn.

Jens Lehmann fékk á sig fáránlegt mark gegn Fulham en var bjargað þegar liðsfélagar hans í Arsenal skoruðu tvö mörk undir lok leiksins. Skytturarnar fengu því þrjú stig en tæpara mátti það ekki vera.

„Lehmann var ánægðasti maðurinn í búningsklefanum þar sem liðið þurfti ekki að sjá eftir stigunum vegna mistaka hans,“ sagði Arsene Wenger eftir leik. - hph

Chelsea vann Birmingham: Ósigrað í 64 heimaleikjum

FÓTBOLTI Chelsea vann 3-2 sigur á Birmingham í stórskemmtilegum leik og setti um leið nýtt met í ensku úrvalsdeildinni. Chelsea hefur nú ekki tapað í 64 heimaleikjum í röð, síðasta tapið var gegn Arsenal í febrúar árið 2004. Liverpool átti fyrra metið á Anfield, liðið tapaði ekki í 63 leikjum þar frá febrúar 1978 til desembermánaðar 1980.

„Þetta var góður leikur þar sem bæði lið spiluðu vel. Við fengum mörg tækifæri til að klára leikinn og það hefði verið skemmtilegra að vinna 4-2 eða 5-2,“ sagði Jose Mourinho.

„Það eru ekki mörg lið sem koma hingað og skora tvö mörk. Við sýndum að við getum gert stóru liðunum skráveifu,“ sagði kollegi hans, Steve Bruce. - hph



VÍGREIFUR Roman Abramovich, eigandi Chelsea, var sáttur í stúkunninni eftir leikinn eins og sjá má. NORDICPHOTOS/AFP

Ragna Ingólfssdóttir keppir á HM í badminton:

Jafnir möguleikar Rögnu í Malasíu

BADMINTON Ragna Ingólfssdóttir keppir á morgun á Heimsmeistarátöfinu í badminton sem fer fram í Malasíu. Andstæðingur Rögnu í fyrstu umferð er Rachel Hindlay frá Nýja-Sjálandi sem er í 51. sæti á heimslistanum þar sem Ragna situr í 39. sæti. Sigurvegarinn úr leik þeirra keppir líklega við hina öfluggu Pui Yin Yip frá Hong Kong, sem er í 13. sæti á heimslistanum. Á mótinu keppa 64 stigahæstu badmintonkonur heims.

„Ég hef aldrei spilað við hana áður en ég veit aðeins af henni, við höfum spilað á sömu mótum. Ég fer inn í þennan leik með jafna möguleika, þrátt fyrir að hún sé ofar á heimslistanum segir það lítið þegar á hólminn er komið. Ég er ekki örugg um neitt. Hún er mjög sterkur spilar og ætlar sér að ná langt, alveg eins og ég,“ sagði Ragna við Fréttablaðið þegar hún var komin til Malasíu.

Ragna æfir í dag en leikurinn fer fram á þriðjudagsmorgun. Ragna hefur undirbúið sig af kostgæfni fyrir mótið. „Ég hef æft frekar stíft. Ég fór í keppnisferð í þrjár vikur í júlí og æfði svo af kappi

heima á Íslandi fram að þessu móti,“ segir Ragna.

Þessi knáa badmintonkona meiddist illa föstudaginn 13. apríl í Hollandi. Þá sleit hún fremra krossband en hefur óðum verið að ná sér af þeim meiðslum. Þrátt fyrir að hafa meiðst þennan örlagadag er Ragna ekki hjátrúafull. „Ég var ekkert að pæla í því að þetta hefði gerst á þessum degi. Fólkið á sjúkrahúsinu var eitthvað að tala um þetta en ég er ekki hjátrúafull,“ sagði Ragna og glotti við tönn. Hún lagði mikið á sig til að fá bót meina sinna en spilar nú með spelku til að styðja við fótinn.

Hún segir meiðslin há sér örlítið inni á vellinum ennþá. „Ég er aðeins hægari og næ ekki að spyrna mér alveg jafn hratt út í hornin. Þetta er líka að hluta til andlegt. Þegar ég fer að spila þá gleymist þetta samt strax og þetta hefur gengið vel hingað til.“

Ragna ætlar að vera áfram úti í Malasíu eftir mótið við æfingar. Hún kemur svo heim í nokkra daga áður en hún heldur í æfingaferð til Tyrklands, Ástralíu og líklega Japans. - hph



RAGNA Mætir stúlku frá Nýja-Sjálandi í fyrstu umferð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÍSAFOLD Í INNRÁS

Kammerhljómsveitin Ísafold er skipuð einvalaliði ungs íslensks tónlistarfólks sem er við nám og störf víðsvegar um heim en hittist nú á Íslandi og heldur tvenna tónleika í Langholtskirkju

Miðvikudaginn 15. ágúst kl. 20:30 **Uppselt**
Fimmtudaginn 16. ágúst kl. 20:30

Einleikarar með hljómsveitinni eru:
Elfa Rún Kristinsdóttir, fiðluleikari,
Víkingur Heiðar Ólafsson, píanóleikari,
ásamt tenórsöngvaranum
Braga Bergþórssyni.



BERLIN FREIBURG

REYKJAVÍK

AMSTERDAM

BASEL

HELSINKI

PARIS


LONDON

LÜBECK

NEW YORK

Miðaverð kr. 2.500 en kr. 1.500 ef greitt er með VISA kreditkort. Miðasala fer fram á midi.is og við innganginn. Menningarsjóður VISA styrkir tónleikana. **Ekki missa af þessum einstaka tónlistarviðbúði.**

VISA



Hættu að hugsa um umhverfið



Stæðilegur Ford Fiesta

Vél: 68 hö, 1,4 TDCi,
dísilnotkun: 4,4 l/100 km,
CO₂: 116 g/km*



Stæðilegur Ford Fusion

Vél: 68 hö, 1,4 TDCi,
dísilnotkun: 4,4 l/100 km,
CO₂: 117 g/km*

Hvað er visthæft fyrir umhverfið og hvað ekki getum við endalaust hugsað um. Nú er rétti tíminn til að hætta að hugsa. Í bíli. Nýtum raunhæfu hugmyndirnar strax í dag. Við hjá Brimborg trúum því að í samvinnu við aðra finnum við réttu leiðina að þeim lífsgæðum sem gildi okkar vísa á. Tökum stórt stökk fyrir mannkynið með því að taka saman lítil visthæf skref. Taktu þátt. Á brimborg.is finnur þú nokkra punkta sem geta komið þér af stað.

Taktu visthæf skref með Brimborg og Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg býður ókeypis bílastæði fyrir ákveðna visthæfa bíla. Brimborg tekur þátt og býður á móti bíla sem falla vel að hugmyndum borgarinnar um visthæf gildi: Núna Ford Fiesta og Ford Fusion. Taktu visthæf skref með Brimborg og Reykjavíkurborg. Fáðu ókeypis í bílastæði í Reykjavík. Komdu í Brimborg. Veldu Ford Fiesta eða Ford Fusion í dag.


visthæf skref
með Brimborg


brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is

* Reykjavíkurborg veitir ökumönnum bíla sem uppfylla eftirfarandi skilyrði frítt í stæði í 90 mínútur: CO₂ útblástur að hámarki 120 g/km. Eyðsla í blönduðum akstri: Bensínvél: 5,0 l/100 km eða minna. Dísilvél: 4,5 l/100 km eða minna. Aðrir orkugjafar: Tviorkubilar sem nota t.d. metan/bensín eða etanól/bensín: 5,0 l/100 km eða minna.

> Jonathan Rhys Meyers

Jonathan sagði eitt sinn í viðtali: „Ég myndi ekki eiga í ástarsambandi við leikkonu. Það er aðeins pláss fyrir einn leikara í mínu lífi og það er ég. Makinn myndi skilja vinnuna en það yrði of mikil samkeppni í sambandinu. Ef annar aðilinn verður til dæmis stórstjarna og hinn ekki þá mun alltaf koma upp afbrýgðissemi.“ Leikarinn ungi virðist þó ekki alveg fara eftir þessum orðum en hann hefur meðal annars verið með leikkonunum Toni Collette, Rachael Leigh Cook og Estelle Warren. Jonathan leikur í Vanity Fair á Stöð 2 Bíó kl. 22.00.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ KLEMENS ÓLAFUR KYNNTIST HINU ILLA JAKKAKLÆDDU:

Fréttastöðin sem hatar okkur

„Evrópumenn fá greidda um 44 frídaga á ári, en við þetta 20 til 25, satt er það. En þá er vert að hafa í huga að þeir eru líka með þjóðnýtt heilbrigðiskerfi! Þá vil ég nú frekar halda mig heima og greiða í tryggingasjóðinn minn, þakka þér fyrir.“

Þannig hljómaði niðurstaða sérfræðings bandarísku sjónvarpsstöðvarinnar Fox News í mjög svo vísindalegri úttekt, sem kom í kjölfar fréttu vikunnar, um frídaga alþýðu í nokkrum Evrópuríkjum og Bandaríkjunum.

Fox News gefur sig út fyrir að vera sanngjarn fjölmiðill. Stöðin var stofnuð af hinum alræmda Rupert Murdoch til að veða á móti því sem hann taldi vera frjálshynda (í neikvæðum skilningi) fjölmiðlun. Orðið „Evrópumaður“ heyrst þar daglega í niðrandi tóni.

Tóftutíndi ala á ötta við and-ameríska eða bara ekki-hægriöfgasinn-



aða hugsun. Að mati melrakkanna eru réttindi til lífs til dæmis and-amerísk. Þeir eyða og miklu þúðri í að koma því til skila, þegar morðingir er dæmdur í beinni, að nú sé lag að blása rykið af lögbókum um dauðarefingu. „Ólöglegir innflytjendur bera með sér sýfilis og lekanda“ stóð stríðsletri á skjánum þegar fjallað var um nýja bók ljúfmennisins Pats Buchanan. Neyðarástand heitir hún og fjallar víst um hvernig Mexíkanar ætla að sölsa undir sig Bandaríkin með innrás innflytjenda. Stöðin óttast og hatast ekki einasta við Evrópubúa,

heldur næstum allar ekki-amerískar þjóðir. Sjónvarpsstöðin berst nú inn á heimili þeirra Íslendinga sem eru svo lánsamir að hafa aðgang að Fjölvarpinu. Einhver gæti efast um hvaða erindi þessi öfgafulli og grunnhyggni áróður eigi við okkur, en eitt er alltaf gott; að þekkja óvininn.

EKKI MISSA AF



► **20.05 Sveppaplánetan** SJÓNVARPIÐ



► **22.05 Saved** STÖÐ 2



► **22.00 Vanity Fair** STÖÐ 2 BÍÓ



► **20.45 Jake In Progress** SIRKUS



► **18.15 Dr. Phil** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

16.25 Bikarkeppni FRÍ e.
16.50 Leikir kvöldsins e.
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknafréttir
18.00 Myndasafnið
18.01 Gurra grís
18.05 Lítil prinsessa
18.16 Halli og risaæðlufatan
18.30 Víkonur
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós

► **20.05 Sveppaplánetan** Þýsk heimildamynd um hina fjölskrúðugu veröld sveppanna. Sveppir finnast um allan heim, sumir eru baneitraðir, aðrir meinholllir. Í myndinni er meðal annars sagt frá fléttum á norðurskautssvæðinu, framandi sveppum í Ástralíu og stærsta sveppi sem vitað er um.

20.55 Danska skáldið Norsk stuttmynd sem fékk Óskarsverðlaunin í ár. Leikstjóri er Torill Kove.

21.15 Í nafni réttlætis (6:13) Bandarísk þáttaröð um lögfræðinga sem vinna að því að fullnægja réttlætinu fyrir fólk sem hefur verið fangelsað saklaust.

22.00 Tíufréttir

22.25 Anna Pihl (9:10)

23.10 Leikir kvöldsins

23.30 Bráðavaktin (4:23)

00.15 Út og suður (11:16) e.

00.45 Kastljós

01.15 Dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06:00 Foyle's War 3

08:00 Looney Tunes: Back in Action

10:00 Marine Life

12:00 White Chicks

14:00 Looney Tunes: Back in Action

16:00 Marine Life

18:00 White Chicks

20:00 Foyle's War 3

► **22:00 Vanity Fair** Gert eftir sígildri rómantískri skáldsögu William Makepeace Thackeray. Reese Witherspoon leikur blá-snauga stúlku í Lundúnum 19. aldar.

00:15 Intermission

02:00 People I Know

04:00 Vanity Fair



07.00 Stubbarnir
07.25 Litlu Tommi og Jenni
07.45 Krakkarnir í næsta húsi
08.10 Oprah
08.55 Í finu formi 2005
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Forboðin feður (10:114)

10.15 Homefront

11.00 Whose Line Is it Anyway?

11.25 Sjálfstætt fólk

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Nágrannar

13.10 Sisters (23:24)

14.00 Extreme Makeover (12:23)

14.45 Punk'd (10:16)

15.15 Man's Work (8:15)

15.50 S Club 7 (e)

16.13 Galdrastelpurnar (20:26)

16.33 BeyBlade

16.58 Camp Lazlo 1

17.23 Froskafjör

17.28 Bold and the Beautiful

17.53 Nágrannar

18.18 Ísland í dag og veður

18.30 Fréttir

18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð

19.40 The Simpsons (6:22) (e)

20.05 Heima hjá Jamie Oliver (5:13)

Allt er vænt sem vel er grænt og að þessu sinni sýnir Jamie áhorfendum mismunandi tegundir af káli og hvað hægt er að elda úr fersku grænmeti.

20.35 Men In Trees (9:17)

21.20 Pirate Master (11:14)

► **22.05 Saved** (12:13)

22.50 Club Dread (Broken Lizard's Club Dread) Aðalfjörð er í sumarparadis Kók-óshnetu-Pésa. Látlausir leikir, reggítónar, berir kroppar og romm og kókakóla allt þar til fjöldamorðingir lætur á sér kræla. 2004. Stranglega bönnuð börnum.

00.30 The 4400 (5:13)

01.15 Las Vegas (16:17)

02.00 They

03.25 Men In Trees (9:17)

04.05 Saved (12:13)

04.50 The Simpsons (6:22) (e)

05.15 Fréttir og Ísland í dag

06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SYN besta sætið

07.00 Copa del Rey Final 2007 (Sevilla - Real Madrid)

15.25 Gillette World Sport 2007

15.55 US PGA Championship 2007 Útsending frá lokadegi.

19.55 David Beckham - Soccer USA (2:13) Glænyfir þættir þar sem fylgst er með David Beckham í nýjum heimkynnum hans í englaborginni í Bandaríkjunum. Áhorfendur fá innsýn í bandaríska knattspyrnu og kynast nýjum samherjum Beckhams.

20.25 Height of Passion (Ítalía: AC Milan v. Inter Milan) Frábær þáttaröð sem fjallar um viðureignir erkfjenda í knattspyrnuheiminum. Í þessum þætti er tekið fyrir samband nágrannanna í Milanóborg, AC Milan og Inter Milan.

21.20 Copa del Rey Final 2007 Útsending frá leik Sevilla og Real Madrid í spænsku meistarakkeppninni.

23.00 Heimsmótariðin í Póker 2006

23.55 FC Barcelona 2006-2007 Knattspyrnuárið FC Barcelona er þekkt um allan heim enda saga liðsins glæsileg. Áhugavert er því að rífa upp leiki með þessu stórveldi í knattspyrnuheiminum.

SYN2

07.00 Man. Utd. - Reading (Enska úrvalsdeildin 2007/2008)

15.05 Sunderland - Tottenham (Enska úrvalsdeildin 2007/2008)

16.45 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum.

17.40 West Ham - Man. City (Enska úrvalsdeildin 2007/2008)

19.20 Aston Villa - Liverpool Útsending frá leik Aston Villa og Liverpool í 1. umferð.

21.00 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

22.00 League Cup 2007-2008 Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola-deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

22.30 Man. Utd. - Reading (Enska úrvalsdeildin 2007/2008)

00.10 Premier League World

SKJÁREINN

07.35 Everybody Loves Raymond (e)

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Vörutorg

09.45 Óstöðvandi tónlist

16.45 Vörutorg

17.45 All of Us (e)

► **18.15 Dr. Phil**

19.00 Everybody Loves Raymond (e)

19.30 How Clean is Your House? (e)

20.00 Greatest Dishes in the World - Lokabáttur Bresk þáttaröð þar sem kunnir matgæðingar leita að ljúffengustu réttum í heimi. Nokkrir af færustu matreiðslumeisturum heims keppast við að heilla dómnefndina með gómsætum réttum sem gerðir eru úr besta hráefni sem finnst. Það er komið að lokabáttinum og auðvitað eru það eflir réttir sem eru síðastir á matsæðlinum.

21.00 Runaway - Lokabáttur Bandarísk spennusería um fjölskylduföður á flotta með fjölskyldu sína eftir að hann er ranglega sakaður um morð. Það er komið að lokabáttinum þar sem upp kemst um hver myrti hjákonuna. Paul gerir örvaentingafulla tilraun til að komast að því hver er morðinginn en ekkert er eins og það sýnist. Þetta er dramaturgur þáttur og endirinn á eftir að koma þér í opna skjöldu.

22.00 Law & Order Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglunnar og saksóknara í New York. Bírán sem endar með morði tekur nýja stefnu þegar í ljós kemur að fórnarlambið var að flytja bráðsmitandi virus milli staða.

22.50 Everybody Loves Raymond

23.15 Jeyleno

00.05 3 Lbs (e)

00.55 Sleeper Cell (e)

01.45 Vörutorg

02.45 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12:15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.



Dagskrá allan sólarhringinn.

ÁSKRIFT: 515 6100 | VERSLANIR VODAFONE

HEITASTI
STELPUÞÁTTURINN
MEN IN TREES Í KVÖLD KL. 20:35
Frá framleiðendum Sex and the City

skemmtilegri

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.05

Heima hjá Jamie Oliver

Jamie Oliver er uppáhaldssjónvarpskokkur Íslendinga og nú er hann snúinn aftur á skjáinn. Jamie mun nú sýna hvernig best sé að elda einfalda rétti í eldhúsinu heima og notar meðal annars ferskt grænmeti sem hann ræktar í garðinum. Í þætti kvöldsins sýnir Jamie áhorfendum mismunandi tegundir af káli og hvað hægt er að elda úr fersku grænmeti.



▶ GREATEST DISHES IN THE WORLD

Skjäreinn kl. 20.00

Nú er komið að lokapættinum í þessari bresku þáttaröð þar sem kunnir matgæðingar leita að ljúffengustu réttum í heimi. Nokkrir af færustu matreiðslumeisturum heims keppast við að heilla dómnefndina, tvo frægustu matargagnrýndur Bretlands, með gómsætum réttum sem gerðir eru úr besta hráefni sem finnst. Í lokapættinum verða eftirréttir teknir fyrir enda síðastir á matseðlinum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn	16.10 Veðurfregnir
07.05 Morgunvaktin	16.13 Hlaupanótan
09.05 Laufskálinn	17.03 Viðsjá
09.45 Morgunleikfimi	18.00 Kvöldfréttir
10.13 Stefnumót	18.24 Auglýsingar
11.03 Samfélagið í nærmynd	18.25 Spegillinn
12.00 Fréttayfirlit	18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
12.03 Hádegisútlarp	19.00 Laufskálinn
12.20 Hádegisfréttir	19.40 Útvarpsleikhúsið: Mæja spæja
12.45 Veðurfregnir	20.00 Ljóðabókin syngur
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	21.00 Framtíð lýðræðis
13.00 Vift og breitt	21.55 Orð kvöldsins
14.03 Útvarpsagan: Hótel Kalifornía	22.15 Kvöldsagan: Ævintýri Artúrs Gordons
14.30 Miðdegistónar	22.45 Kvöldtónar
15.03 Grannar okkar	23.10 Í fótspor Jane Austen
16.00 Síðdegisfréttir	00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

18.00 Insider

18.30 Fréttir

19.00 Ísland í dag

19.40 Entertainment Tonight Um árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjórnur.

20.10 Rock School 1 (e)

20.45 Jake In Progress (7:8) Önnur þáttaröðin af þessum grínþáttum um ungan og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York. Þegar fræga fólkíð rennur á rassinn mætir Jake Phillips á svæðið og reddar málunum.

21.15 Smallville (5:22) Sjötta þáttaröðin um Ofumennið á unglingsárunum. Í Smallville býr unglundurinn Clark Kent. Hann er þrúðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd.

22.00 Monk (4:16) Fyrirverandi rannsóknar-arlögreljupjónninn Adrian Monk snýr aftur í fimmta sinn og hann er enn að reyna að komast að hjá lögreglunni. Það gengur illa þar sem þráhyggjan og fælnin stjórmar honum enn og það kann ekki góðri lukku að stýra hjá lögreglumanni.

22.45 The 4400 (5:13) Síðastliðin 50 ár hafa 4400 manns horfið frá heimilum sínum um gervöll Bandaríkin. Dag einn snúa þeir allir aftur þegar stór eldhnöttur fellur til jarðar frá geimnum.

23.30 Joan of Arcadia (18:22) (e)

00.15 Entertainment Tonight (e)

00.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

Elvis Aaron Presley 8. jan. 1935 - 16. aug. 1977

Minningartónleikar

fimmtudagskvöldið 16. ágúst 2007 kl. 20:30

Salnum - Kópavogi

Elvis Presley

16. ágúst 1977 - 16. ágúst 2007

30 ár eru liðin síðan kóngurinn féll frá...en lögin lifa!

BBC PRIME

11.30 My Family 12.00 Hetty Wainthropp Investigates 13.00 Waking the Dead 14.00 House Invaders 14.30 Bargain Hunt 15.15 Bargain Hunt 16.00 As Time Goes By 16.30 My Family 17.00 Home Front 18.00 Waking the Dead 19.00 Canterbury Tales 20.00 Kiss Me Kate 20.30 Nighty Night 21.00 Waking the Dead 22.00 One Foot in the Grave 22.30 Canterbury Tales 23.30 As Time Goes By 0.00 My Family 0.30 EastEnders 1.00 Waking the Dead 2.00 Hetty Wainthropp Investigates 3.00 A Place in France

DR 1

9.00 At være Bedste er ikke det værste 9.20 Vagn på floden 10.00 TV Avisen 10.20 De moderne familier 10.50 Daddy 12.20 Søren Ryge direkte 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.10 Dawsons Creek 14.00 Hjerteffimer 14.30 Snurre Snu er smittefarlig 14.35 Lovens vogtere 15.00 Dragejægerne 15.25 Jungletrommer 15.30 Peter Pedal 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Genbrugsguld 18.00 Hammerslag 18.30 TV for folket - hundrede år med Nordisk Film 19.00 TV Avisen 19.25 Hønsont 19.50 SportNyt 20.00 Killer Net 21.40 Seinfeld 22.00 OBS 22.05 Atanarjuat: The Fast Runner 4.30 Mira og Marie 4.35 Karlsson på taget 5.00 Postmand Per 5.15 Morten

NK1

9.15 Jukeboks: Sport 10.00 Jukeboks: Norsk på norsk 11.00 Jukeboks: Ut i naturen 12.00 Jukeboks: Dansefot 13.25 The Tribe - Den nye morgendagen 13.50 Byttelånene 14.15 Pakten 15.50 Oddasat - Nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Lille Prinsesse 16.15 Robotgjengen 16.25 Fotball er ikke noe for jenter 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Ut i naturen: Dei som lever av havet 17.55 Niggelas kjøkken 18.25 Med torsk til Lofoten 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Siste nytt 19.10 Sommeråpent 19.55 Diana - prinsessens siste dager 20.45

SVT 1

7.15 Hej hej sommar 7.16 Tintin 7.45 Blue Water High 10.00 Rapport 10.05 Sportspegeln 12.20 Rosen på Tistelön 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 15.00 En fläkt av ett vanligt liv 15.30 Bevara byggnaden! 16.00 Sagoboken 16.10 Storasyter och lillebror 16.15 Räkna med skägg 16.30 Hej hej sommar 16.31 Tintin 17.00 Blue Water High 17.30 Rapport 18.00 Sommartorpet 18.30 En Noman i Pakistan 19.00 Kobra intervju 19.30 Människoätare 20.20 Yusuf Islam - alias Cat Stevens 21.15 Rapport 21.25 Vita huset 22.10 Sändningar från SVT24 4.00 Gomorron Sverige



Friðrik Ómar

ásamt stórhljómsveit og söngvurum flytja perlor Elvis Presley

Gestasöngur og raddir:
Margrét Eir Hjartardóttir
Heiða Ólafsdóttir og
Regína Ósk Óskarsdóttir

Hljómsveitina skipa:
Jóhann Hjörleifsson trommur,
Róbert Þórhallsson bassi,
Ómar Guðjónsson gítar,
Þórir Baldursson píanó og hammond,
Þórir Úlfarsson píanó,
Valgarður Óli Ómarsson slagverk,
Samúel J Samúelsson básúna,
Snorri Sigurðarson trompet
og Kjartan Hákonarson trompet.

Miðasala í síma 5 700 400
og á www.salurinn.is.
Miðaverð 2.500.- 290 sæti í boði.
Aðeins þessir einu tónleikar.





„Ég hlusta bara á Létt 96,7 því það er svo þægileg stöð og ekkert áreiti þar í gangi. Ég held mjög mikið upp á íslenska tónlist, þar á meðal þessa ungu, nýju tónlistarmenn eins og Regínu Ósk og Heru Björk.“

Kristín Stefánsdóttir tannlæknir.

X-Factor Celebrity ekki á þessu hausti

„Við erum kannski ekki búin að slá þáttinn algjörlega af en það er ekki víst að hann verði á þessu ári,“ segir Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2. Að undanförunu hafa verið vangaveltur um það á netinu hvort af framleiðslu X-Factor Celebrity verði þar sem frægir Íslendingar hugðust reyna fyrir sér í söng frammi fyrir alþjóð í þágu góðs málefnis. En nú virðist þættinum hafa verið frestað og mun biða betri tíma. Eins og kom fram í DV hafði verið gengið frá ráðningu Þórunnar Lárusdóttur í dómnefndina í stað Ellýjar úr Q4U en þeir Einar Bárðarson og Páll Óskar Hjálmtýsson höfðu þegar samþykkt að vera með í þáttunum. Pálmi segir það fyrst

og fremst hafa verið ákveðin sigur að Þórunn skyldi hafa viljað vera með því hún sé önnur kafinn í leikhúslífinu. „Þó að þessi þáttur fari ekki framleiðslu verður Þórunn með okkur í öðrum verkefnum.“

Pálmi segir að sjónvarpsstöðin ætli að einbeita sér að leiknu efni í haust og vetur og því sé ekkert óeðlilegt að X-Factor Celebrity fái að sitja á hakanum. Meðal leikinna þáttaraða má nefna Pressu, Næturvaktina og nýja seríu af gamanþættinum Stelpurnar.

Sjónvarpsstjórinn segir að þótt undirbúningur fyrir Celebrity-

þáttinn sé lengra á veg kominn skyldu menn ekki láta það koma sér á óvart þó að næsti raunveruleikaþáttur yrði tengdur dansi en Stöð 2 á einnig leyfið fyrir íslenskum So You Think You Can Dance-þætti. „Svo erum við náttúrulega að leita að forsongvara í band-



ÞÓRUNN LÁRUSDÓTTIR Þrátt fyrir að X-Factor Celebrity hafi verið slegið á frest verður Þórunn með Stöð 2 í öðrum verkefnum.



PÁLMI Segur X-Factor Celebrity ekki verða á þessu hausti en útlökar ekki að hann fari í framleiðslu síðar.

þið hans Bubba Morthens,“ bætir Pálmi við en sá fær þrjár milljónir króna í reiðufé og plötusamning. Áætlað er að áheyrnarprufur hefjist í október en þátturinn fari síðan í sýningar í byrjun næsta árs.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. sæti 6. til dæmis 8. spil 9. segi upp 11. tveir eins 12. teygjudýr 14. rými 16. skóli 17. arinn 18. struns 20. ryk 21. tif.

LÓDRÉTT

1. að utan 3. samanburðartenging 4. seinasti 5. niður 7. höggdeyfir 10. frostskeimmd 13. hólf 15. heiður 16. gilding 19. tónlistarmaður.

LAUSN

LÓDRÉTT: 1. Ytra, 3. en, 4. síðasti, 5. súp, 7. dempar, 10. kal, 13. bás, 15. söma, 16. mat, 19. kk. LÁRÉTT: 2. sess, 6. td, 8. niu, 9. rek, 11. óð, 12. amaða, 14. pláss, 16. ma, 17. stó, 18. ark, 20. im, 21. tíkk.

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Að stjórndur hafi stýrt sjóðnum með eigin hagsmuni að leiðarljósi.
- 2 Rúmlega 50 þúsund manns.
- 3 Bræðrabylta, eftir Grím Hákonarson.



ANNA MARGRÉT PÁLSDÓTTIR: EKUR UM Á BLÓMUM SKREYTTRI BIFREIÐ

Keyrir kindabíl föðurs síns

Anna Margrét Pálsdóttir vekur eftirtekt á ferðum sínum, þar sem hún ekur um á blómum skreyttri bifreið, sem hún málaði sjálf með skipalakk. Anna Margrét á tvær vikur eftir í nítján ára afmælið, en Toyota Corolla bíllinn, sem er árinu yngri en bílstjórinn, er í eigu föður hennar. „Pabbi keypti hann til að nota í kindastúss. Hann er svona hobbýbóndi, og keypti bíllinn til að flytja kindur,“ útskýrði Anna Margrét, en þau feðginin eru búsett í Stykkishólmi. „Einhvern daginn í fyrra bað ég hann um að fá fjölskyldubíllinn lánaðan, en hann treysti mér ekki fyrir honum,“ sagði Anna Margrét, sem var þá nýlega komin með bílpróf. „Hann lánaði mér þennan í staðinn og ég hef eiginlega ekki staðið upp úr honum síðan,“ sagði hún og hló við. Í vor ákvað Anna Margrét að flikka upp á bifreiðina. „Ég málaði hann á kosningadaginn, 12. maí,“ útskýrði hún. Bíllinn er skreyttur blómum á húddi og hliðum, státar af kind á húddinu og kosningaáróðri á skottinu. „Aftan á hann málaði ég X-D og kross yfir. Þetta var smá pólitískur áróður, svona síðasti séns,“ sagði Anna Margrét hlæjandi. Kindin á þó uppruna sinn ekki að rekja til Framsóknarflokksins, að sögn Önnu Margrétar, heldur fyrri farþega bílsins. Henni þótti ekkert tiltökumál að mála bíllinn, enda er hún þaulreind í teikningu. „Ég hef teiknað og málað alla ævi. Ég var ekkert úti að hoppa þegar ég var lítil, ég var inni að teikna á meðan allir aðrir fóru út,“ sagði hún spök. Hún sótti þar að auki myndlistarnámskeið, og stundaði nám á myndlistarbraut við bæði Fjölbraut í Garðabæ og í Breiðholti síðustu ár. Nú er hún þó flutt aftur heim í Stykkishólmi, og er núna á félagsfræðibraut í Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Anna Margrét segist hiklaust geta tekið að sér bílaskreytingar fyrir



BLÓMABÍLLINN Anna Margrét Pálsdóttir myndskreytti Toyota bifreið föðurs síns í vor. Til verksins notaði hún skipalakk og eigin myndlistarhæfileika.

FRÉTTABLAÐIÐ/ALFONS FINNSSON



ÁRÓÐUR Á bílnum er að finna pólitískan áróður frá Önnu Margrét, sem málaði bíllinn á kosningadag.



KINDABÍLL Faðir Önnu Margrétar keypti Toyotuna upphaflega til að flytja kindur. Nú ferjar hún dóttur hans á milli staða.

aðra. „Mér fannst þetta mjög skemmtilegt, og var ekki nema tvo, þrjá tíma að þessu,“ sagði hún. Hún hefur líka tekið að sér að teikna skopmyndir af fólki, gera portrett og málverk. „Svo er ég að gera lógó fyrir hljómsveitina Stuðbandið. Það eru nokkrir strákar hérna úr Stykk-

ishólmi og Grundarfirði sem spila mikið hér og eru að byrja að koma sér á framfæri,“ útskýrði hún. Bíllinn sjálfur er þar að auki falur. „Ég myndi samt vilja fá lágmark 500 þúsund. Þetta er náttúrulega listaverk á hjólum,“ sagði Anna Margrét.

sunna@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Mikill fjöldi nýrra þátta lítur dagsins ljós í Sjónvarpinu í haust, fyrir utan nýjan laugardagsskemmtiþátt og spurningaþátt á föstudagskvöldum sem áður hefur verið greint frá.

Þorsteinn J. Vilhjálmsson mun stýra nýjum menningarþætti á fimmtudagskvöldum þar sem ætlunin er að taka púlsinn á öllu því sem er að gerast í leikhúsi og kvik-

myndum. Þorsteini til halds og trausts verða **Andrea Róbertsdóttir, Elsa María Jakobsdóttir og Ásgrímur Sverrisson.** Þá mun **Egill Helgason** verða með bókmenntaþætti sína á miðvikudagskvöldum.

Með Agli verða blaðamennirnir **Páll Baldvín Baldvínsson og Kolbrún Bergþórsdóttir.**

Tónlistarmaðurinn **Jón Ólafsson** verður með nýjan þátt á dagskrá Sjónvarpsins í vetur. Hann mun heita Albúm og þar rifjar Jón upp gamlar og frægar plötur og heyrir sögur frá gerð þeirra í spjalli við listamennina sjálfa. Annar nýr tónlistarþáttur verður **Söngvaskáld** sem

verður á dagskrá á þriðjudagskvöldum. Þar koma tónlistarmenn fram með áhorfendum, spila lögin sín og spjalla við gesti. Með tilkomu þessara

nýju þátta er viðbúið að efnistösk Kastljóssins breytist. **Þórhallur** hafnaði því í samtali við Fréttablaðið að til stæði að

stytta útsendingartíma Kastljóssins, sagði aðeins að líklega yrðu fréttaskýringar og þjóðmálaumræða meira áberandi í þættinum en áður. - hdm



SAMBÍÓIN SELFOSSI Ekkert var til sparað í byggingu kvikmyndahússins fyrir tæpum þremur árum og er salir þess búin öllum helstu þægindum.

Skilum búinu í bestu hendurnar

Bíókóngur Íslands, Árni Samúelsson og fyrirtæki hans, Samfélagið ehf. sem rekur Sambíóin um land allt, hafa fært út kvíarnar enn frekar og keypt rekstur Selfossbíós. Verður bíóið því hér eftir rekið undir formerkjum Sambíóanna og er það fimmta kvikmyndahús keðjunnar á Íslandi. „Við erum ofsalega ánægðir með að Sambíóin séu að koma þarna inn. Það er fjölskyldufyrirtæki, rekið af mikilli ástúð og við erum sannfærðir um að við erum að láta búið í bestu hendurnar. Þetta eru góð tíðindi fyrir íbúa Selfoss og nágrennis,“ segir Ingólfur Snorrason, en hann og Bjarni Kristinsson eru seljendur bíósins.

Ingólfur og Bjarni

ÁRNI SAMÚELSSON Bíókóngur Íslands er mættur í öllu sínu veldi til Selfoss en Samfélagið hefur keypt Selfossbíó.



keyptu Selfossbíó í október á síðasta ári af stofndum þess, Magnúsi Ninna Reykdalssyni og Einari Einarssyni, en ekki eru liðin nema tvö og hálf ár síðan kvikmyndahúsið var opnað. Ingólfur segir að það hafi ekki endilega staðið til að selja en hlutirnir hafi gerst hratt í vikunni. „Við náum að gera reksturinn stöðugri og nú er búið að skapa ákveðna hefð fyrir bíóferðum á Selfossi. Við fengum þarna tækifæri til að taka skref í nýjar áttir og erum mjög sáttir,“ segir Ingólfur.

Nafni Selfossbíós verður breytt í Sambíóin Selfossi í kjölfarið á eigendaskiptun-

um. Í því eru tveir glæsilegir salir, annar með sætum fyrir 120 manns og hinn fyrir 55 manns, búin öllum helstu þægindum. Þá eru mynd- og hljóðgæði eins og best verður á kosið. Í tilkynningu frá Sambíóunum segir að engar stórvægilegar breytingar verði gerðar á kvikmyndahúsinu á næstunni, enda sé litlu hægt að bæta við annars stórglæsilegt húsi. - víg

Auglýsingasími

512
5050



- Mest lesið

FRÁBÆRIR

SKÓLAFÉLAGAR

Flott fartölva frá Acer með björtum kristal skjá, Intel örgjörva, hraðvirku vinnsluminni, þráðlausu netkorti og geymsluplássi fyrir fleiri þúsund ritgerðir og lög. Innbyggð vefmyndavél og 3 ára ábyrgð er síðan rúsinan í pylsuendanum.

Pessi passar í hvaða skólastofu sem er!



Windows Vista

ACER ASPIRE 3693

Intel Celeron 1.73Ghz
512MB DDR2 minni
80GB harður diskur
15.4" skjár / Vista Home
4 x USB / WiFi / S-Video



Stækkaðu minnið í 1024MB fyrir aðeins **3.900-**

TILBOÐ:

69.900-

► Eða 2.526 kr. á mánuði í 36 mánuði!

Bestu kaupin fyrir hagsýna nemandann!

ACER ASPIRE 5103

AMD Turion X2 DuoCore TL-52
1GB DDR2 vinnsluminni
120GB harður diskur
15.4" skjár / Vista Premium
Innbyggð vefmyndavél

Öflug fartölva frá Acer með björtum kristal skjá, tveggja kjarna örgjörva sem vinnur allt að 50% hraðar en hefðbundinn örgjörvi, nóg af hraðvirku vinnsluminni, þráðlaust netkort og enn meira gagnapláss. Innbyggð vefmyndavél, 3 ára ábyrgð og Windows Vista Home Premium gerir þessa að meiru en bara skólafélagi!

89.900-

► Eða 3.214 kr. á mánuði í 36 mánuði!



SVAR) tækni

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000



BAKPANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Kurteisari en flugfreyjur?

Stundum er kvartað undan því að fréttaflutningur sé mestmegnis ómarkkviss samtíningur ónákvæmra upplýsinga sem liggja á lausu eða einhver hefur hagsmuni af að koma á framfæri. Þar í móti kemur að engin stétt að flugfreyjum meðöldum er kurteisari og tillitssamari en íslenskir blaðamenn – og er þá átt við samskipti þeirra við þá sem hafa töglin og hagldirnar í því samfélagi sem þeir eiga að gaumgæfa.

PAR SEM prentfrelsi ríkir hefur það viðhorf víða rutt sér til rúms að fréttir séu fyrst og fremst til afþreyingar og því sé fráleitt að hneyksla eða styggja volduga markaðsaðila. Þetta bendir til þess að því meira frelsi sem menn búa við þeim mun minni áhuga hafi þeir á að notfæra sér það. Íslenskur blaðamaður sem segðist vera reiðubúinn að fórnna lífi sínu fyrir frelsið væri í besta falli grunaður um að vera við skál.

SVO VIRÐIST því sem lögmál um framboð og eftirspurn gildi um frelsið. Því meira framboð, þeim mun minna virði. Það er fréttuæmt að ríkisvaldið njósnari um líf fólks í ófrjálsum ríkjum en litið á það sem eðlilegan hluta af frelsinu í lýðræðisríkjum að einkaaðilar safni upplýsingum um hegðan og venjur fólks, til dæmis með því að krefja þá um kennitölu sem kaupa pítsusneið, rafmagnstannbursta eða bankaþjónustu.

ÚR ÞVI að frelsið virðist lúta viðskiptalögmálum er eðlilegt að maður spyrji hvort önnur lögmál gildi um það líka. Á það til dæmis við um frelsið sem gildir um svo margt annað – að það sem ekki er notað er tekið frá manni? „Use it or loose it“ er það kallað á ensku.

FRELSI getur kostað miklar fórnir. Frá 1. jan. árið 1992 til 28. júní á þessu ári týndu samtals 636 blaðamenn lífi vegna þess að þeir ræktu þá frelsisskyldu blaðamannsins að leita óttalaust að mikilvægum upplýsingum og koma þeim á framfæri. Um þriðjungur þeirra féll á vígvöllum, hinir voru dreppir af spillingaröflum í stjórnmálum eða viðskiptum.

EINHVERRA hluta vegna kom þetta upp í hugann núna áðan þegar ég las þá frétt í stórum fjölmiðli að roskinn skákmeistari hefði sofnað á kvikmyndasýningu í Keflavík.



NISSAN 4x4

NISSAN

NISSAN
QASHQAI

SÁ TRAUSTASTI



EURO NCAP
www.euroncap.com

NISSAN QASHQAI NÁÐI BESTA ÁRANGRI Í ÁREKSTURSPRÓFI EURO NCAP HINGAÐ TIL!

„Nissan Qashqai fær fimm stjörnur og að baki stjórnunum eru fleiri stig en nokkur bíll hefur áður hlotið í prófunum Euro NCAP þau tíu ár sem stofnunin hefur starfað.“ - Euro NCAP

Qashqai – allt á einu bretti.

KOMDU OG REYNSLUAKTU

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt

Akureyri 464 7940

Höfn í Hornafirði 478 1990

Njarðvík 421 8808

Reykjavík 474 1453